



# **Kreppa lýðræðis og kjör Besta flokksins**

**Í ljósi marxisma og margræðiskenninga**

**Tinna Ásmundsdóttir**

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði**

**Félagsvísindasvið**

**Febrúar 2014**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Kreppa lýðræðis og kjör Besta flokksins**  
*Í ljósi marxisma og margræðiskenninga*

Tinna Ásmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Tinna Ásmundsdóttir 2014

201189-2179

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er stofnun og þátttaka Besta flokksins í borgarstjórn Reykjavíkur á árunum 2010 til 2013 skoðuð í ljósi marxískra og margræðiskenninga. Fjallað er um sýn þessara tveggja kenningaskóla á lýðræði og þeirra aðstæðna sem mynduðust í íslensku stjórnmalalífi eftir efnahagshrunið 2008. Í kjölfar almennrar umfjöllunar um lýðræði, tengsl þess við yfirvöld og þróun stjórnmalaflokka er lýðræði í kreppu skoðað út frá kenningum marxista um lögmætiskreppu stjórnvalda annars vegar og kenningum margræðissinna um kreppu ofhlaðinna stjórnvalda hinsvegar. Landslagið sem myndaðist í íslenskum stjórnmalum á árunum fyrir og eftir hrun er skoðað í ljósi kenninganna tveggja og rýnt er í þann jarðveg sem skapaði kjöraðstæður fyrir jafn óhefðbundið stjórnmalaafl og Besta flokkinn, grínframboð sem upphaflega hafði þann megintilgang að vera hæðnisádeila á ríkjandi flokka en stóð á endanum uppi sem sigurvegari borgarstjórnarkosninga Reykjavíkur með landskunnan skemmtikraft í brúnni. Stofnun, hugmyndafræði og kosningabarátta flokksins er tekin fyrir sem og ferill hans í borgarstjórn frá kjöri 2010. Niðurstaðan er sú að á Íslandi hafi vissulega myndast ákveðin lýðræðiskreppa í kjölfar efnahagshrunsins. Stjórnvöld misstu traust almennings sem olli vissri lögmætiskreppu og fram komu ýmis öfl og hópar, eins og Indefence hópurinn, sem settu fram gagnrýni og margvíslegar kröfur á stjórnvöld sem þegar voru ofhlaðin og stóðu frammi fyrir því erfiða verkefni að reisa við efnahag landsins. Segja má að kjör Besta flokksins sé afleiðing þeirrar kreppu sem hér myndaðist í kjölfar hrunsins.

## **Formáli**

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn í þessu verkefni var Dr. Stefanía Óskarsdóttir og vil ég færa henni mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn. Vil ég einnig þakka Bryndísi Evu Ásmundsdóttur og Hrafnhildi Kjartansdóttur fyrir yfirllestur og aðra aðstoð. Að lokum vil ég þakka foreldrum mínum fyrir stuðninginn og þolinmæðina undanfarna mánuði og öllum þeim sem að öðru leyti veittu mér aðstoð við gerð þessarar ritgerðar.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....                                      | 6  |
| 1. Lýðræði .....                                     | 8  |
| 1.1 Einkenni lýðræðis .....                          | 8  |
| 1.2 Stjórnmalaflokkar .....                          | 11 |
| 1.3 Lýðræði í kreppu .....                           | 12 |
| 2. Lýðræðiskenningar .....                           | 15 |
| 2.1 Marxíska kenningin .....                         | 15 |
| 2.1.1 Lögmætiskreppa stjórnvalda.....                | 17 |
| 2.2 Margræðiskenningin.....                          | 19 |
| 2.2.1 Ofhlaðin stjórnvöld.....                       | 22 |
| 2.3 Mat á kenningum .....                            | 24 |
| 3. Lýðræði á Íslandi .....                           | 26 |
| 3.1 Kreppa lýðræðis á Íslandi.....                   | 30 |
| 3.2 Lögmætiskreppa á Íslandi.....                    | 32 |
| 3.3 Kreppa ofhlaðinna stjórnvalda Íslands .....      | 35 |
| 4. Besti flokkurinn í borgarstjórn Reykjavíkur.....  | 38 |
| 4.1 Stofnun Besta flokksins og kosningabaráttan..... | 38 |
| 4.2 Besti flokkurinn í borgarstjórn .....            | 41 |
| Lokaorð .....  | 46 |
| Heimildaskrá .....                                   | 48 |

## Inngangur

Merking hugtaksins lýðræði er umdeilanleg og hafa stjórn málafræðingar sett fram ólíkar kenningar um eðli og inntak lýðræðis. Í dag búa flest vestræn nútímasamfélög við frjálslynt fulltrúalýðræði sem byggir á valddreifingu, frelsi, lögbundnum réttindum, kosningaþátttöku, vilja meirihlutans og þátttöku almennings. Stjórn málaflakkar spila þar mikilvægt hlutverk sem vettvangur til þátttöku en nýlegar rannsóknir hafa sýnt að í mörgum lýðræðissamfélögum fer flokkshollusta dvínandi og kosningaþátttaka minnkandi. Fólk er meðvitaðra um pólitísk réttindi sín og eigin áhrifamátt þegar kemur að stjórn málaútkomu og hafa kröfur um beint lýðræði aukist undanfarin ár.

Í þessari ritgerð verður kjör Besta flokksins í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík árið 2010 skoðað út frá kenningum marxista annars vegar og út frá kenningum margræðissinna hins vegar. Báðir kenningaskólarnir hafa sett fram skýringar á dvínandi trú kjósenda á mikilvægi kosninga og getu stjórn málaflakka til að hrinda kosningaloforðum sínum í framkvæmd. Sumir hafa jafnvel talað um kreppu fulltrúalýðræðis. Marxíski skólinn telur að lýðræðisleg stjórnvöld séu í kreppu ef þau skorti viðurkenningu á réttmæti og aðgerðir þeirra stjórnist af áhrifum auðvaldsins. Margræðisskólinn telur að þrátt fyrir mikilvægi hagsmunahópa í virkni lýðræðis séu gjarnan til staðar of margir hópar með of miklar kröfur. Kjósendur, hagsmunahópar, þrýstihópar, grasrótarhreyfingar, stéttarfélög og viðskiptafélög þrýsta á stjórnvöld með ólíkar og miklar kröfur, hafa áhrif á ferli stjórn mála og mynda ákveðna kreppu stjórn mála þegar fulltrúar þeirra ná ekki að fullnægja kröfum þeirra og framfylgja stefnum eða kosningaloforðum.

Á Íslandi, líkt og í mörgum öðrum lýðræðissamfélögum, hefur kosningaþátttaka minnkað undanfarin ár og fólk virðist hafa minni löngun til að tilheyra stjórn málaflakki. Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi árið 2008 einkenndust stjórn mála af óstöðugleika og efuðust kjósendur um heilindi fulltrúa sinna og pólitískra stofnana. Atvinnuleysi og verðbólga jókst, fólk missti eignir sínar og kannanir leiddu í ljós vantraust almennings til stjórn málamanna og stjórn málaflakka. Krafa um beint lýðræði varð háværi eftir hrun og stór hluti þjóðarinnar kallaði eftir breytingum á stjórnskrá Íslands. Besti flokkurinn kom inn á svið stjórn mála á tímum mikilla hræringa. Með grín og hæðni að vopni mótmælti flokkurinn ríkjandi stjórnarfari og krafðist þannig breytinga í íslenskum stjórn málaum.

Í fyrsta kafla verður farið almennt yfir helstu forsendur lýðræðis, tengsl lýðræðis og yfirvalda og hvernig skipulag stjórn málaflakka hefur þróast undanfarin ár. Reynt verður að greina þær hindranir sem samfélög fulltrúalýðræðis standa frammi fyrir nú á tímum og

hvernig almenningur er farinn að hafa áhrif á niðurstöðu stjórn mála með óhefðbundnari leiðum en einungis með atkvæði sínu. Því næst verður fjallað um ólíka sýn á lýðræði út frá kenningum marxista og margræðissinna. Farið verður ítarlega í gagnrýni marxista á lýðræði í kapítalisma og kenninguna um lögmætiskreppu stjórnvalda. Einnig verður margræðiskenningin skoðuð og greint hvernig kreppa ofhlaðinna stjórnvalda birtist samkvæmt henni. Lýðræði á Íslandi verður tekið almennt fyrir og skoðaðar þær aðstæður sem hér mynduðust í kjölfar hrunsins og hvernig áhrif það hafði á þátttöku og viðhorf almennings í stjórn málum. Reynt verður að greina hvort íslensk stjórnvöld hafi skort viðurkenningu á réttmæti í aðdraganda og kjölfar hrunsins eða hvort kröfur of margra hópa hafi leitt til þess að stjórnvöld gátu ekki efnt loforð sín og framfylgt skilvirkum stefnum. Að lokum verður Besti flokkurinn tekinn til umfjöllunar, farið verður í stofnun og tilurð flokksins, kosningabaráttuna og reynt að greina hvaðan fylgi flokksins kom í kosningunum og hvers vegna fólk kaus flokkinn fram yfir aðra reynslumeiri stjórn málaflokka. Í ritgerðinni verður leitast við að greina hvort kreppa lýðræðis hafi myndast á Íslandi í kjölfar hrunsins og skapað þannig ákveðinn vettvang fyrir innreið og þátttöku Besta flokksins í íslensk stjórn máli.



# 1. Lýðræði

Óhætt er að segja að flestir þekki hugtakið lýðræði og telji sig búa við einhvers konar lýðræðisfyrirkomulag, að minnsta kosti í hinum vestræna heimi. Lýðræði er gjarnan skipt í tvo flokka en þá er annars vegar um að ræða beint lýðræði og hins vegar óbeint lýðræði. Með beinu lýðræði er átt við þjóðaratkvæðagreiðslur og fjölda fundi en með því óbeina er átt við fulltrúalýðræði þar sem kjörnir fulltrúar fá umboð frá kjósendum til að taka ákvarðanir er varða hagsmuni almennings.<sup>1</sup> Í þessari ritgerð verður nær eingöngu fjallað um fulltrúalýðræði enda er það algengasta birtingarform lýðræðis. Hér á eftir verður vikið að megin Einkenni lýðræðis og skoðaðar helstu tegundir stjórn mála flokka en þeir skipa mikilvægan þátt í virkni lýðræðis og eru vettvangur fyrir þátttöku hins almenna borgara. Einnig verður fjallað um tengsl lýðræðis og yfirvalds því ekki er hjá því komist að fjalla um yfirvald þegar fjallað er um lýðræði.

## 1.1 Einkenni lýðræðis

Lýðræði má rekja allt aftur til forn-Grikkja og er það dregið af gríska orðinu *demokratia* sem þýðir stjórn fólksins. Sjálfstjórn er meginregla lýðræðis og felur þetta skipulag í sér ákveðið stjórn mála jafnrétti. Lýðræði hefur verið skilgreint með ýmsum hætti og má nefna til dæmis skilgreiningu Norberto Bobbio frá árinu 1987 sem fjallar um þrjár nauðsynlegar forsendur lýðræðis. Í fyrsta lagi verða allir borgarar, eða stærstur hluti þeirra, að hafa kosningarétt. Í öðru lagi skulu allar opinberar ákvarðanir byggja á vilja meirihlutans. Í þriðja lagi þurfa kjósendur að eiga kost á frjálsum vali á milli frambjóðenda og stjórn mála flokka í kosningum.<sup>2</sup>

Í fulltrúalýðræði á almenningur að taka þátt í lagasetningu, ákvarðanatöku um stefnumótun og stjórnsýslu ríkisins. Því eru stjórnendur ríkisins valdir af kjósendum og fulltrúum þeirra og eru ábyrgir gagnvart báðum þessum hópum. Forystumenn hins opinbera lýðræðislega valds eiga að standa vörð um hagsmuni almennings eða eiga ella á hættu að vera látnir taka pokann sinn. Lýðræði byggir jafnframt á ákveðnum gildum svo sem jafnrétti, frelsi, almannahagsmunum, persónuvernd og fleiru. Í ritinu *Til varnar frelsinu* lýsir Birgir Kjarran

---

<sup>1</sup> Steinar Almarsson, *Valdhafar og alþýða: Saga stjórnarfrars frá örófi alda* (Akranes: S. Almarsson, 2006), 13.

<sup>2</sup> Alfio Mastropaolo, *Is democracy a lost cause? Paradoxes of an imperfect invention*, þýðandi Clare Tame. (Essex: ECPR Press, 2012), 9.

svipaðri skoðun þegar hann segir að lýðræði sé mikið meira en stjórnarfyrríkomulag því hugtakið nái einnig til skipan mannlegra samskipta.<sup>3</sup>

Lýðræði og yfirvald eru nátengd fyrirbæri. Það er lítil þörf á lýðræði ef ekkert yfirvald er til staðar. Í hverju nútímasamfélagi er einhvers konar stjórn eða yfirvald sem tekur ákvarðanir sem hafa bindandi áhrif á þegna þess. Í fulltrúalýðræði er umboðið til slíkrar ákvarðanatöku sótt til almennings. Saga mannkyns hefur einkennst af baráttu um yfirvald og afleiðingar þess en alla tíð hafa verið skiptar skoðanir um hlutverk og tilurð ríkisvalds. Rekja má þessa umræðu aftur til 5. aldar fyrir Krist til heimspekilegra vangaveltna Platons og Aristóteles um tilurð grísku borgríkjanna en þeir töldu að ríkisvaldið ætti að gæta að öryggi almennings með löggjöf og reglusetningu.<sup>4</sup>

Lýðræði byggir á valddreifingu til þess að tryggja að ríkisvaldið verði ekki of sterkt, en sú hugmynd kemur meðal annars úr smiðju Montesquieu. Þá er gjarnan átt við þrískiptingu ríkisvalds í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Löggjafarvaldið er þingið sem samanstendur af kjörnum fulltrúum kjósenda. Framkvæmdavaldið er annars vegar í höndum ríkisstjórnar sem er ábyrg gagnvart þinginu líkt og er raunin á Íslandi og hins vegar í höndum forseta sem er ábyrgur gagnvart þjóðinni og er kosinn í sérstökum kosningum. Dómvaldinu er hins vegar ætlað að framfylgja lögum og tryggja réttlæti. Þess að auki byggir lýðræði einnig á viðurkenndum leikreglum og grundvallarmannréttindum sem eru oftast í formi stjórnarskrár eða annarra réttindaskráa.<sup>5</sup> Stjórnvöld geta því til dæmis ekki í krafti meirihlutans beitt einstaklinga órétti ef þeim eru tryggð ákveðinn réttindi í stjórnarskrá.

John Locke, einn af helstu heimspekingum 17. aldar og einn af upphafsmönnum frjálslyndistefnunnar, lagði einnig mikla áherslu á valddreifingu og á þá hættu sem skapast ef einn aðili hefur í höndum sér það vald að ráða bæði inntaki laga og framkvæmd þeirra. Samkvæmt Locke á ríkisvald einkarétt á beitingu refsinga og hefur það hlutverk að setja lög, en það er einmitt inntakið í fullveldisreglunni. Samkvæmt þingræðis- og lýðræðissinum átti konungur að deila þessum fullveldisrétti með þinginu.<sup>6</sup>

Í fulltrúalýðræði er mikilvægi frelsis almennt viðurkennt og kemur þetta frelsi með

---

<sup>3</sup> Birgir Kjaran, *Til varnar frelsinu* (Reykjavík: Samband ungra Sjálfstæðismanna, 1980), 67-74.

<sup>4</sup> Steinar Almarsson, *Valdhafar og alþýða*, 11.

<sup>5</sup> Sama heimild, 14.

<sup>6</sup> David Held, *Models of Democracy*, 3. útg. (Cambridge: Polity Press, 2006), 52-53.

ákveðinni ábyrgð þar sem fólk hefur rétt á að lifa í frelsi án þess að skerða frelsi samborgara sinna.<sup>7</sup> Á miðri 17. öld lagði enski heimspekingurinn Thomas Hobbes fram þá kenningu að hlutverk stjórnvalda ætti að ganga út á að tryggja frið á milli manna, setja leikreglur samfélagsins því annars myndi ríkja stríð allra gegn öllum.<sup>8</sup> Ríkisvaldið ætti að tryggja réttindi og og frelsi borgaranna sem vita manna best hvað er þeim raunverulega í hag og til samræmis við það þurfi að takmarka umfang og aðgerðir ríkisvaldsins til þess að hámarka mögulegt frelsi hvers borgara.<sup>9</sup>

Hugtakið frelsi á sér sögulegan uppruna í frjálshyggjunni annars vegar með frelsi frá einhverju og í jafnaðarstefnu hins vegar með frelsi til einhers. Með frelsi frá einhverju er átt við takmarkanir á ríkisvaldinu, verndun einstaklingsfrelsisins og frelsi til athafna.<sup>10</sup> Í lýðræðisríkjum þarf því að vera mál-, tjáningar- og prentfrelsi fyrir almenning til að tjá skoðanir sínar og gagnrýna ríkjandi stjórnvöld. Einnig er frelsi til viðskipta og athafna, ferðafrelsi, frelsi til sjálfsákvörðunar og sjálfstjáningar, trúfrelsi og félagafrelsi grundvallarþættir í fulltrúalýðræði.<sup>11</sup>

Til að draga saman má segja að vestræn lýðræðisríki hvíli á hugmyndinni um frjálslýnt lýðræði (e. liberal democracy) og er megininntak þess ríkisvald sem takmarkast annars vegar af vilja kjósenda og hins vegar af lögvörðum réttindum fólks. Ríkisstjórn á að vernda og verja bæði almenning fyrir valdhöfum og minnihlutann frá undirokun meirihlutans og þurfa allir, einnig valdhafar, að fara eftir stjórnarskrá viðkomandi lands.<sup>12</sup> Þetta kemur glögglega fram í þeirri meginreglu réttarríkisins að allir þegnar eru jafnir að lögum. Réttarríkið á að tryggja öruggt og óttalaust líf og koma í veg fyrir geðþóttaákvarðanir valdhafa. Að kúga ákveðna samfélagshópa er andstætt lýðræði hvort sem það er meirihlutinn

---

<sup>7</sup> John Stuart Mill, *Frelsið*, þýðendur Jón Hnefil Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason. (Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 2000), 49-50.

<sup>8</sup> Thomas Hobbes, *Leviathan*, ritstj. Richard Tuck. (New York: Cambridge University Press, 1996), 88-89.

<sup>9</sup> Held, *Models of Democracy*, 54.

<sup>10</sup> Isaiah Berlin, „Tvö hugtök um frelsi“ í *Heimspeki á tuttugustu öld*, ritstj. Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson. (Reykjavík: Heimskringla, 1994), 157-161.

<sup>11</sup> Hannes Jónsson, *Lýðræðisleg félagsstörf* (Reykjavík: Félagsvísindastofnun, 1969), 64-66.

<sup>12</sup> Rod Hague og Martin Harrop, *Comparative Government and Politics: An Introduction*, 7.útg. (New York: Palgrave Macmillan, 2007), 7-8.

sem kúgar minnihlutann eða öfugt.<sup>13</sup>

Í fulltrúalýðræði taka kjörnir fulltrúar í einstaka tilfellum ákvarðanir sem meirihlutinn er andvígur. Með kjörnum fulltrúum er átt við þingmenn, ráðherra, stjórnmalaflokka og hagsmunasamtök sem trúa á eigið ágæti og sannfæringu. Þetta eru fulltrúar kjósenda og eru þeir jafn ólíkir og þeir eru margir, með margs konar innræti og hugsanir. Þeir þurfa þó allir að tryggja sér endurkjör og reyna því oftast að taka ákvarðanir sem samræmast vilja meirihlutans.<sup>14</sup>

## 1.2 Stjórnmalaflokkar

Stjórnmalaflokkar spila stórt hlutverk í fulltrúalýðræði enda má líta á þá sem tengilið á milli fjölmennra kjósenda og stjórnvalda. Stjórnmalaflokkar setja fram stefnur og velja frambjóðendur sem verða kjörnir fulltrúar á vettvangi löggjafar- og framkvæmdarvaldins. Flokkar í fulltrúalýðræði hafa tvö hlutverk. Annars vegar að öðlast vald með því að vinna kosningar. Hins vegar, þegar til valda er komið, að framfylgja stefnum sínum.<sup>15</sup> Samkvæmt stjórnmalafraeðingnum Maurice Duverger tengja stjórnmalaflokkar margra smærri og dreifðari hópa saman sem hafa svipuð gildi og hagsmuni.<sup>16</sup>

Gjarnan hefur verið sagt að skipulag stjórnmalaflokka hafi þróast í gegnum tíðina og farið í gegnum þrjú stig breytinga. Kjarnaflokkar (e. caucus parties) voru áberandi á 19. öld en þá höfðu fáir kosningarétt og voru stjórnmalaflokkar lítið meira en bandalag ákveðins kjarna. Leiðtogar flokkanna voru gjarnan vel efnaðir aðalsmenn og var valddreifing innan flokkanna lítil. Á 20. öld þegar kosningaréttur varð almennari reyndu stjórnmalaflokkar að höfða til fleiri kjósenda með því að breyta flokkunum í fjöldaflokka (e. mass parties), með mörgum félagsmönnum og auknu skrifræði. Síðan á 8. áratug 20. aldar hafa stjórnmalaflokkar síðan þróast í nokkurs konar kosningamiðaða flokka (e. catch-all parties). Slíkir flokkar reyna að ná til sem flestra hagsmuna- og félagshópa í því skyni að auka fylgi sitt í kosningum og setja því

---

<sup>13</sup> Steinar Almarsson, *Valdhafar og alþýða*, 14-15.

<sup>14</sup> Sama heimild, 15.

<sup>15</sup> Kenneth Newton og Jan W. Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 2. útg. (New York: Cambridge University Press, 2010), 269.

<sup>16</sup> Hague og Harrop, *Comparative Government and Politics: An Introduction*, 231-232.

fram fremur almenna stefnu sem höfðar til margra.<sup>17</sup>

Talið er að skipulag stjórnmálaflokka sé að færast inn á fjórða stigið en þá eru þeir ýmist sagðir vera fjölmiðlaflokkar (e. media parties), samtryggingarflokkar (e. cartel parties) eða sérfræðingaflokkar (e. electoral-professional parties). Fjölmiðlaflokkar þurfa ekki að eiga sterkar rætur í samfélaginu. Með fjölmiðlum og aukinni tækniþróun geta leiðtogar stjórnmálaflokka nú náð beinu sambandi við kjósendur sem dregur úr þörf á miklum fjölda flokksmanna, fyrirferðamiklu skipulagi og fjöldafundum. Samtryggingarflokkar urðu til á síðari hluta 20. aldar en þá brugðust stjórnmálaflokkar við dvínandi flokkshollustu almennings með því að snúa bökum saman og veita hver öðrum aðgang í vissum mæli að sérþekkingu, fjármagni og öðrum gæðum ríkisvaldsins. Þeir reiddu sig í minna mæli á samfélagshópa og meira á atvinnumennsku í stjórnmálum enda situr á alþingi í dag nær eingöngu vel menntað fagfólk. Í þessu samhengi er talað um að í dag hafi sérfræðingar á sviði stjórnmála tekið yfir skipulag flokkanna og sjái um miðlæga og tæknilega flokksstjórn og kosningabaráttu en slíkir flokkar kallast sérfræðingaflokkar.<sup>18</sup>

Í dag sjáum við sífellt fleiri nýja stjórnmálaflokka og fylkingar spretta upp en það eru þrír þættir sem aðgreina nýju flokkana frá þeim eldri. Í fyrsta lagi byggja þeir á nýjum málefnum umhverfisins, friðar, feminísma, kjarnorkuvopna og orku, dýraverndunar, samfélagsþátttöku og réttinda minnihlutahópa. Í öðru lagi kemur fylgi þessara flokka gjarnan frá ungum, vel menntuðum og efnuðum kjósendunum. Í fjórða lagi nota þeir aðrar aðgerðir en áður hafa tíðkast í stjórnmálum, gjarnan beinar aðgerðir grasrótar, mótmæli og gjörning og jafnvel ofbeldi. Stundum eru þessir flokkar kallaðir and-stjórnmálaflokkar/hreyfingar vegna þess að hugmyndir þeirra ganga gegn hugmyndum og aðferðum hefðbundnu flokkanna og þrýstihópa.<sup>19</sup>

### 1.3 Lýðræði í kreppu

Eftir því sem leið á tuttugustu öld kom í ljós að pólitísk þátttaka almennings í lýðræðisríkjum var minni en margir fræðimenn höfðu vonast til. Þrátt fyrir að lýðræði sé nauðsynleg forsenda

---

<sup>17</sup> Newton og Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 269-270.

<sup>18</sup> Sama heimild.

<sup>19</sup> Sama heimild, 271.

fyrir þátttöku í stjórnámálum þá þýðir það ekki að borgararnir hafi mikil áhrif. Undir lok 20. aldar og í byrjun þeirrar 21. fór kosningaþátttaka víða dvínandi og er skýringin gjarnan talin vera minnkandi flokkshollusta. Fólk tengist stjórnámálaflokkum ekki eins sterkum böndum og áður tíðkaðist.<sup>20</sup> Rannsókn sem var gerð á 6. áratug 20. aldar í Bandaríkjunum leiddi í ljós að kjósendur höfðu lítinn áhuga og litla þekkingu á stjórnámálum og létu flokkshollustu og vana ráða vali sínu í kosningum. Nýlegri rannsóknir sýna þó ekki eins neikvæða mynd af kjósendum en kannski er það vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að almenningur sé yfir höfuð áhugasamur um stjórnámál. Þekking kjósenda er einnig af skornum skammti og fer þátttaka í stjórnámálaflokkum sífellt minnkandi. Bæði þekking og áhugi kjósenda ræðst af skýrum valkostum í kosningum. Fólk kynnir sér ekki vel málefni í kosningabaráttum ef lítill munur er á stefnum mismunandi stjórnámálaflokka og frambjóðenda.<sup>21</sup>

Bandaríski stjórnámálafræðingurinn Russel J. Dalton sem hefur rannsakað pólitíska þátttöku í lýðræðisríkjum telur að fulltrúalýðræði nútímans ráði ekki við þá breytingu sem er að eiga sér stað í þátttöku borgaranna í stjórnámálum. Samkvæmt Dalton hefur almenningur annars konar væntingar um lýðræði og er upplýstari og meðvitaðari um pólitísk réttindi sín en áður fyrr. Fólk er farið að beita fyrir sér kröfum einstaklingshyggjunnar og ótal hagsmunahópar spretta upp sem reyna að hafa áhrif á pólitísku niðurstöðuna og virkja almenningsálitið. Þessir hópar ógna veldi stjórnámálaflokka sem þurfa að mæta kröfum þeirra að endingu.<sup>22</sup>

Þrátt fyrir ýmsa þætti sem hindra fulla virkni fulltrúalýðræðis þá er það mikilvægt fyrirkomulag fyrir almenning til þess að hafa áhrif á stjórnámál viðkomandi lands. Forsenda lýðræðis er stjórn fólksins, að almenningur hafi valdið en framselji það tímabundið til þeirra fulltrúa sem eru líklegastir til þess að gæta hagsmuna og framfylgja vilja þeirra. Stjórnámálaflokkar hafa skipað mikilvægt hlutverk í fulltrúalýðræði sem milliliður á milli kjósenda og stjórnvalda þó að margt bendi til þess að mikilvægi þeirra fari minnkandi. Almennungur getur haft áhrif á niðurstöðu stjórnamála í kosningum og með þátttöku í starfi stjórnámálaflokka og með óhefðbundnari hætti svo sem undirskriftasöfnun eða mótmælum. Þegar og ef kjörnir fulltrúar misnota vald sitt, ganga gegn vilja kjósenda eða annað umboðstap

---

<sup>20</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 2. útg. (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007), 62.

<sup>21</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 57.

<sup>22</sup> Russel J. Dalton, *Citizen Politics*, 3. útg. (New York: Chatham Publishers, 2002), 253-254.

verður, getur myndast ákveðin kreppa lýðræðis.

## 2. Lýðræðiskenningar

Fræðimenn hafa haft skiptar skoðanir um inntak og eðli lýðræðis og hafa verið settar fram ólíkar kenningar um þetta viðfangsefni. Í þessum kafla verður fjallað um tvo kenningarskóla sem hafa ólíka sýn á lýðræðið í frjálslyndum lýðræðisríkjum. Þetta eru marxisminn og margræðisskólinn. Fjallað verður um kenningar marxista sem byggja á kjarnræðiskenningum í gagnrýni sinni á lýðræði í kapítalisma og hvernig lögmætiskreppa (e. legitimacy crisis) stjórnvalda birtist samkvæmt kenningunni. Einnig verður farið ítarlega í margræðiskenninguna og hvernig stjórnmalakreppa ofhlaðinna stjórnvalda (e. overload government) birtist. Báðir kenningarskólarnir fjalla þó um kreppu með möguleika á byltingu eða umbreytingu á þjóðfélagsskipan lýðræðisríkja. Þá er grafið undan forsendum skipulags í samfélagi sem verður til þess að þau félagslegu tengsl sem ákveða umfang og takmörk til að breyta meðal annars stjórnála- og efnahagslegri virkni munu hverfa.<sup>23</sup> Friedrichs skilgreinir kreppu sem breytingu sem á sér stað vegna ákveðinna aðstæðna eða atburða sem stuðluðu að nýjum kringumstæðum og ógna að vissu leyti viðurkenndum stofnunum.<sup>24</sup>

### 2.1 Marxíska kenningin

Kenningar marxista koma úr smiðju Karl Marx og Friedrich Engels á 19. öld. Byrjuðu þeir greiningu sína á stjórnmalasviðinu út frá einstaklingnum og tilveru hans sem gengur út á samskipti við aðra. Það er ekki einhver einn sem er virkur í sögu- og stjórnmalalegu ferli heldur frekar manneskjur sem búa við ákveðin tengsl og eðli þeirra er skilgreint út frá þessum tengslum. Hægt er að útskýra nær alla þætti mannlegs lífs í gegnum sögulega þróun samskipta við aðra félagslega þætti, ferli sem er breytilegt af órjúfanlega skyldum þáttum. Samkvæmt marxismanum er stétt mikilvægasta hugtakið og má finna stéttaskiptingu í nær öllum samfélögum en samkvæmt kenningunni er stéttabarátta hreyfiafl sögunnar. Í ókapítalískum samfélögum með litlar þjóðartekjur eru minni líkur á að stéttaskipting myndist. Um leið og þjóðartekjur fara að aukast gefst auðvaldinu aukið svigrúm til að lifa á framleiðslu annarra.

---

<sup>23</sup> Held, *Models of Democracy*, 229-230.

<sup>24</sup> David O. Friedrichs, „The Legitimacy Crisis In The United States: A Conceptual Analysis,” *Social Problems* 27, nr. 5 (1980).



Þeir sem eiga framleiðsluna mynda yfirstétt efnahags- og stjórnmálavalds. Stéttatengsl, samkvæmt Marx og Engels, vísa til skiptingar hagsmuna á milli ríkjandi auðvalds og víkjandi öreiga og geta stéttir sjálfar ýtt undir stéttabaráttu.<sup>25</sup>

Samkvæmt Marx var kapítalísk framleiðsla lokastigið áður en kommúnisminn tæki við völdum, þar sem að frelsi og jafnrétti yrði loksins komið á. Marx taldi að efnahagskreppur væru óumfýjanleg afleiðing kapítalískrar þróunar og væru kreppur offramleiðslu. Tilhneigingin væri sú að leggja ofuráherslu á hagkerfið sem leiðir til minna jafnvægis í efnahagsmálum. Stéttaskipting samfélagsins skapar ákveðin skilyrði fyrir kreppu og stéttabarátta er undirstöðuferlið í efnahagsþróun þegar vald færist á milli vinnuveitenda og starfsmanna eftir aðstæðum á vinnumarkaði.<sup>26</sup>

Marx taldi að lýðræði gæti ekki þróast í kapítalísku samfélagi og nauðsynlegt væri að umbreyta grundvelli samfélagsins til þess að skapa lýðræðisleg stjórnmál, þegar öreigarnir hafa risið upp og varpað af sér oki kapítalismans. Samkvæmt Marx fara stjórnvöld með málefni almennings líkt og stéttir væru ekki til staðar, sambandið á milli stétta væri ekki nýtanlegt, og stéttir hefðu ekki mismunandi hagsmuni. En það eru einmitt þessir hagsmunir, samkvæmt Marx, sem skilgreina að stórum hluta efnahags- og stjórnmálasviðið. Taldi hann óhjákvæmilegt að stjórnvöld veiti þeim eignameiri aukin forrættindi og með því að verja einkarétt á framleiðslu hafi stjórnvöld nú þegar tekið afstöðu.<sup>27</sup>

Í marxískum kenningum um tengsl stétta og stjórnvalda má finna tvær ríkjandi nálganir. Annars vegar er það sú nálgun að ríkisvaldið sé tiltölulega sjálfstætt (e. relative autonomy of the state) og hins vegar að ríkisvaldinu sé stjórnað beint af kapítalístum eða yfirstéttinni og þjóni einungis þeirra hagsmunum og var Karl Marx á þeirri skoðun. Samkvæmt marxistum ríkja ákveðnar takmarkanir í frjálslyndum lýðræðisríkjum sem byggja á kröfum um einkafjármagn sem kerfisbundið hamlar stefnumótun og vali á stefnum. Til þess að viðhalda efnahagsþróun verða stjórnvöld að mæta kröfum fjárfesta og markaðarins. Ef þessu kerfi er ógnað skapast fljótlega efnahagsleg ringulreið, til dæmis þegar fjármagn er flutt erlendis og grafið er undan stuðningi við stjórnvöld. Þar af leiðandi getur auðvaldið haft

---

<sup>25</sup> Held, *Models of Democracy*, 107.

<sup>26</sup> Sama heimild, 111-112.

<sup>27</sup> John M. Maguire, *Marx's Theory of Politics* (Cambridge: Cambridge University Press, 1978), 67.

gríðarleg áhrif á stjórnarstefnur án þess að hafa fulltrúa í ríkisstjórn.<sup>28</sup> Marxistar sáu fyrir sér endaloka kapítalismans og við tæki sósíalískt samfélag með virkri þátttöku almennings í gegnum beint lýðræði, einkaeign yrði afnumin og lítil þörf á stjórnámálum. Marxistar gátu þó ekki fullskýrt kenningu sína hvað varðaði nákvæmni og virkni skipulagsins.<sup>29</sup>

Samkvæmt ný-marxistum, sem flokkast gjarnan sem marxískir kjarnræðissinnar eða sósíaldemókratar, dreifist valdið á hendur fárra. Hefur þessi kenningarskóli reynt að útskýra hvers vegna byltingin sem Marx spáði fyrir hafi ekki orðið og telja þeir ástæðuna meðal annars vera þá að ríkisvaldið er tiltölulega sjálfstætt. Mikilvægt sé að nota þessar sjálfstæðu ríkisstofnanir gegn hagsmunum kapítalístanna. Í löndum þar sem lýðræðishefðin er rótgróin er mikilvægt, í ferli til jafnaðarstefnu, að nýta þætti lýðræðisins, svo sem kosningakerfið og flokkakerfið, til að ná stjórn á ríkinu og nota ríkisvald til að endurskipuleggja samfélagið. Til að koma á jafnaðarstefnu verður flokkur verkalýðsstéttarinnar að viðhalda öruggri og lögmætri stöðu innan ríkisins til þess að endurskipuleggja félags- og stjórnámalasviðið. Einnig benda þeir á, ólíkt því sem Marx hélt fram, að ekki megi túlka alla hagsmunaágreininga út frá stéttaskiptingu og mun almenningur ætíð vera ósammála um einstök málefni stórvalda.<sup>30</sup> Þannig geta kapítalískt yfirráð, arðrán auðvaldsins og undirokuð stétt öreiganna haft í för með sér ýmsa veikleika og stuðlað að svokallaðri lögmætiskreppu (e. legitimacy crisis) stjórnvalda.

### 2.1.1 Lögmætiskreppa stjórnvalda

Samkvæmt kenningunni um lögmætiskreppu stjórnvalda verður að horfa til stéttatengsla og þeirra skorða sem fjármagn setur stjórnvöldum. Stjórnámalamenn keppa um embætti en völd þeirra takmarkast þó ávallt við framtak einkaaðila og auðlinda þeirra, sem ríkið stólar á. Stjórnvöld verða að taka ákvarðanir í samræmi við hagsmuni kapítalismans á sama tíma og þau lýsa sig hlutlaus á milli allra stéttahagsmuna, í þeim tilgangi að viðhalda fylgi kjósenda.<sup>31</sup>

Viðurkennd stjórnámalaskipan er sú sem er yfirleitt samþykkt af almenningi en með því

---

<sup>28</sup> Held, *Models of Democracy*, 120.

<sup>29</sup> Jean-Jacques Rousseau, *The Social Contract* (Harmondsworth: Penguin Group, 1968), 78-79.

<sup>30</sup> Held, *Models of Democracy*, 134.

<sup>31</sup> Sama heimild, 233.

er átt við að fólk fylgi reglum og lögum vegna eigin sannfæringar um réttlæti þeirra. Óánægja og gremja er algeng meðal verkalýðshópa og tengist fremur skilyrtu samþykki heldur en staðfestingu. Í raun mætti segja þetta samþykki eða lögmæti sé nátengt stéttarstjórnarmálum.<sup>32</sup>

Hagkerfið er í eðli sínu óstöðugt og eru kreppur sífellt að koma í veg fyrir efnahagsvöxt. Víðtæk áhrif breytinga svo sem hátt hlutfall atvinnuleysis og verðbólgu, sem og áhrif ytri þátta líkt og skortur á hráefnum vegna alþjóðlegra atburða, á að vera vandlega stjórnað. Samkvæmt kenningunni eru víðtæk ríkisafskipti ákjósanleg ef á að viðhalda efnahags- og stjórnarmálakerfi nútíma lýðræðisríkja. Aðal verkefni stjórnvalda er því að viðhalda kapítalískum efnahag og stjórna stéttaágreiningi í gegnum velferðarkerfið, félagslegt öryggi og lög og reglur. Stjórnvöld þurfa að fá samþykki og halda stuðningi valdamikilla hópa, sérstaklega viðskiptasamfélagsins og stéttarfélaganna. Til að forðast kreppur verða stjórnvöld að bera ábyrgð á sífellt fleiri sviðum efnahagsins og samfélagsins. Gjaldþrot umfangsmikilla fyrirtækja eða banka geta haft miklar afleiðingar í för með sér sem hefur áhrif á aðrar stofnanir, heil samfélög og á almennan stjórnarmálastöðugleika.<sup>33</sup>

Til þess að uppfylla þessi fjölbreyttu hlutverk verða stjórnvöld og ríkið að auka umfang stjórnsýslunnar, opinbera þjónustu, og þar með verður innra kerfi þess mun flóknara. Með því eykst þörfin á samvinnu og auknum fjárveitingum en ríkið verður að fjármagna sig sjálft með skattlagningu og lánnum frá markaði. Þetta ástand skapar viðvarandi verðbólgu og kreppu í opinberum fjármálum. Undir þessum kringumstæðum getur ríkið ekki mótað skilvirkar stefnur sem hefur í för með sér mynstur sífelldra breytinga og sundruna í stjórnarstefnum og skipulagningu. Hefur þetta gjarnan verið kallað skynsemiskreppa eða kreppa skynsamra stjórnvalda. Ríki sem stjórnað er af hægri flokki getur ekki dregið úr kostnaði og útgjöldum af ótta við völd stéttarfélaganna eða annarra hagsmunahópa. Ríki stjórnað af vinstri flokki getur ekki framfylgt sterkum jafnaðarstefnum vegna þess að þá er verið að grafa undan trausti fyrirtækja og efnahagurinn gæti veikst. Með öðrum orðum er engu hægt að breyta, ríkisstjórnir með mismunandi sannfæringar koma og fara og stefnur breytast.<sup>34</sup>

Aukin ríkisafskipti draga fram málefni er tengjast vali, skipulagningu og stjórnun. Almennungur telur, samkvæmt kenningunni, að sífellt fleiri svið séu að verða fyrir

---

<sup>32</sup> Sama heimild, 238.

<sup>33</sup> Held, *Models of Democracy*, 233-235.

<sup>34</sup> Sama heimild.

stjórn málaáhrifum, og falla undir stjórn ríkisins. Þessi þróun hefur í för með sér auknar kröfur á ríkið hvað varðar til dæmis þátttöku og samráð í ákvarðanatöku. Ef þessum kröfum er ekki mætt blasir við ríkinu kreppa lögmætis. Barátta yfir tekjum, stjórn vinnustaðarins, eðli og eiginleikum vöru og þjónustu ríkisins gæti farið út fyrir öll mörk núverandi stofnana og stjórn mála. Í kjölfarið gæti komið fram sterkt ríki sem setur reglur fram yfir allt, bæli niður ágreining og upprætir kreppur. Einræðisríki bældu niður andstæðar hugmyndir á seinni hluta 4. og 5. áratugs 20. aldar í Mið-og Suður-Evrópu og reyndu að stjórna eftirspurn. Ekki má útiloka að slíkar tilraunir verði gerðar aftur eða að fulltrúalýðræði fari að nýta sér sterkari tækni.<sup>35</sup>

## 2.2 Margræðiskenningin

Fræðimenn margræðiskenninga (e. pluralism) voru ekki eins svartsýnir á þessa ójöfnu valddreifingu líkt og marxistar og kom í raun margræðisskólinn fram sem andsvar við kjarnræðiskenningum um miðbik 20. aldar. Margræðissinnar sögðu að lýðræði væri til staðar því völdin væru ekki föst hjá einum hópi heldur væri niðurstaðan á hverjum tíma niðurstaða málamiðlana á milli minnihlutahópa (e. multiple minorities). Margræðissinnar viðurkenna óvirka þátttöku fólks en telja þó að lýðræði sé meira en aðferð til að velja leiðtoga vegna þess að margir óháðir og mismunandi hópar taka þátt í ákvörðunartöku og enginn einn hópur hefur öll völd í hendi sér.<sup>36</sup> Þessir hópar eru ýmist til staðar eða spretta upp ef fólk vill koma sínum hagsmunum á framfæri en sem dæmi má nefna stjórn málaflökka, viðskiptasamtök, þrýstihópa, stéttarfélög, trúarhópa og nemendur.<sup>37</sup>

Samkvæmt Randy S. Clemons og Mark K. McBeth þróaðist margræði sem kenningarammi í Bandaríkjunum í kringum 1950 í ljósi þess að hvorki beint lýðræði né fulltrúalýðræði gat lýst stjórn málaakerfi og beitingu valds þarlendis.<sup>38</sup> Robert Dahl, sem er

---

<sup>35</sup> Held, *Models of Democracy*, 235-236.

<sup>36</sup> Þorsteinn Magnússon, *Lýðræði og vald: kynning á þremur kenningum* (Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Ísland, Örn og Örlygur, 1979), 13 og 29.

<sup>37</sup> Newton og Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 217-21.

<sup>38</sup> Randy S. Clemons og Mark K. McBeth, *Public Policy Praxis: Theory and Pragmatism* (New Jersey: Prentice Hall, 2001), 20-21.

talinn vera einn af upphafsmönnum margræðisskólans, rannsakaði meðal annars vald og valddreifingu í New Haven á fimmta áratug síðustu aldar. Komst hann í stuttu máli að þeirri niðurstöðu að frá 1780-1950 breyttist bærinn úr því að vera stjórnað af fámennum hópi í að vera stjórnað af mörgum, enginn einn hópur eða einstaklingur var við stjórnvölinn. Þó var þetta ekki jöfn valddreifing, samkvæmt Dahl, heldur var valdi dreift ójafnt en víða meðal hópa og einstaklinga. Valdið og ákvarðanir komu þannig frá ótal hagsmunahópum sem urðu milliliður á milli almennings og stjórnvalda.<sup>39</sup>

Samkvæmt margræðisskólanum er kröfum lýðræðis fullnægt þar sem hagsmunahópar eru fulltrúar almennings, valdi er dreift, að minnsta kosti í Bandaríkjunum, og það kemur frá ákveðnum pólitískum aðföngum (e. political resources).<sup>40</sup> Allir hópar hafa einhvers konar úrræði svo sem peninga, vinsældir, stöðu, leiðtogahæfni, stuðning eða atkvæði. Enginn hópur er valdalaus og enginn hópur hefur allt vald, það myndast ekki valdakjarni.<sup>41</sup> Vald er ferli samningaviðræðna á milli fjölda minnihlutahópa sem standa fyrir ólíka hagsmuni. Þessir minnihlutahópar þurfa að semja við aðra hópa til þess að fá meirihlutaniðurstöðu og því getur meirihlutinn verið margbreytilegur eftir málefnum og kringumstæðum.<sup>42</sup> Hópar sem bregðast á einhverju tilteknu sviði stjórn mála svo sem í alþingiskosningum gætu staðið sig vel á öðrum sviðum eins og í sveitarstjórnarkosningum. Hópar þurfa gjarnan stuðning annarra hópa og eru því neyddir til málamiðlanna og samstarfs með öðrum. Þeir geta einnig beitt neitunarvaldi gegn tillögum annarra hópa sem þeir vilja ekki framfylgja.<sup>43</sup> Þannig eru hópar, samkvæmt margræðisskólanum, uppspretta stöðugleika og afleiðing fulltrúalýðræðis. Fjölbreyttir samkeppnishagsmunir er grunnurinn að lýðræðislegu jafnvægi og stöðugri þróun hins opinbera.<sup>44</sup>

Samkvæmt ný-margræðiskeningunni er stefna stjórnvalda hlutdræg gagnvart viðskiptavaldi og mótar ríkið og stjórnsýslan sína eigin hagsmuni. Keppst er um vald af fjölmörgum hópum en skortur á úrræðum hindrar fulla stjórnmalapáttöku og getur þessi

---

<sup>39</sup> Michael Hill, *The Public Policy Process* (Harlow: Pearson Longmann, 2007), 19.

<sup>40</sup> Clemons og McBeth, *Public Policy Praxis: Theory and Pragmatism*, 20-21.

<sup>41</sup> Newton og Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 217-219.

<sup>42</sup> Held, *Models of Democracy*, 189.

<sup>43</sup> Newton og Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 217-219.

<sup>44</sup> Held, *Models of Democracy*, 187-188.

ójafna þátttaka leitt til ófullnægjandi gagnsæis í aðgerðum stjórnvalda. Einnig fara valkostir í stjórnámálum gjarnan eftir dreifingu félags- og efnahagsvalds sem getur stuðlað að tækifærum sem og takmörkunum.<sup>45</sup> Aðgerðir ríkisstjórna verða að tryggja arðsemi og hagsæld fyrir viðskiptavaldið til þess að ná að halda kjöri í frjálslyndum lýðræðisríkjum. Samkvæmt helstu fræðimönnum kenningarinnar liggur efnahagslegt öryggi og lífskjör almennings í höndum viðskiptavaldsins því það er ábyrgt fyrir opinberum aðgerðum svo sem störfum, verði, framleiðslu og hagnaði. Því mega stjórnámálamenn ekki sýna hirðuleysi gagnvart virkni og útkomum viðskiptalífsins og geta til dæmis kreppur og verðbólga haft þau áhrif að ríkisstjórnir þurfi að víkja frá.<sup>46</sup>

Dahl, sem var bæði upphafsmaður klassísku margræðiskenningarinnar og einn af þeim sem leiddi endurskoðun kenningarinnar, leggur þó áherslu á takmörkun viðskiptavalds fyrir virkni lýðræðis. Ríkið á ekki að vera hlutlaus sáttamiðlari allra hagsmuna og ekki á að meðhöndla ólíka hagsmunahópa jafnt. Viðskiptafyrirtæki hafa óhófleg áhrif á stjórnvöld og þar af leiðandi á eðli lýðræðislegra aðgerða. Stjórnámálamenn þurfa ekki aðeins að fullnægja kröfum ólíkra hópa heldur einnig að grafa undan ákveðnum sviðum samfélagsins. Þeir þurfa að friðsætta eða hunsast sérstakar kröfur og byggja upp eða bæla niður kosningamál.<sup>47</sup>

Það sem aðgreinir lýðræði frá öðru stjórnarfyrikomulagi eru meðal annars þær leiðir sem farnar eru til að velja stjórnámálaleiðtoga. Í kosningum fær almenningur tækifæri til að koma sínum vilja og hagsmunum á framfæri og refsa eða umbuna fulltrúum sínum. Líkt og kom fram hér að framan hefur kosningaþátttaka dvínað undanfarin ár og flokkshollusta minnkað. Samkvæmt margræðissinum er það ekki vandamál að almenningur sé áhugalaus, óupplýstur og hafi lítil sem engin bein áhrif á stjórnámálaferlið. Það er fremur merki um sátt. Með atkvæði sínu í kosningum og með margvíslegri hagsmunabaráttu geta allir haft áhrif á niðurstöðuna.<sup>48</sup> Dahl hafði ekki miklar áhyggjur af harðstjórn meirihlutans í New Haven en taldi mikilvægt að skoða að hve miklu leyti fjölbreyttir minnihlutahópar í samfélaginu hindruðu metnað hvers annars með afskiptaleysi meirihluta kjósenda.<sup>49</sup>

---

<sup>45</sup> Sama heimild, 204.

<sup>46</sup> Charles E. Lindblom, *Politics and Markets* (New York: Basic Books, 1977), 122-123.

<sup>47</sup> Robert A. Dahl, *A Preface to Economic Democracy* (Cambridge: Polity Press, 1985), 162.

<sup>48</sup> Held, *Models of Democracy*, 187-188.

<sup>49</sup> Sama heimild, 195.

Nicholas Henry telur að valddreifing sé vissulega ójöfn. Valdið deifist í raun á hendur fárra, eða til fárra hópa. Þeir sem telja að valdið dreifist til fárra eru marxískir kjarnræðissinnar sem sækja kenningar sínar í marxísk fræði. Marxískar kjarnræðiskenningar byggja í kjarnann á því að í kapítalísku þjóðfélagi lifa eigendur framleiðslunnar á vinnu öreiganna sem býr til hagnað. Samkvæmt Henry fela þessar marxísku kjarnræðiskenningar í sér að nýir hagsmunahópar sem myndast falli á endanum í þessa tvo grunnhópa samfélagsins, öreigana og eigendur framleiðslunnar.<sup>50</sup>

Þessir fjölmörgu hópar, með sínar ólíku og miklu kröfur, tengjast beint og óbeint stjórnvöldum og spila stóran þátt í virkni fulltrúalýðræðis. Að endingu geta þeir stuðlað að eða myndað ákveðnar forsendur fyrir lýðræðiskreppu. Of mörg verkefni hlaðast á stjórnsýsluna, ekki næst að framkvæma aðgerðir og stjórnvöld hafa ekki undan. Gjarnan hefur þetta verið kallað ofur-margræði (e. hyper-pluralism).<sup>51</sup> Samkvæmt margræðissinum væru stjórnvöld í þessum aðstæðum ofhlaðin (e. overloaded government) og ná ekki að standa við gefin loforð.

### 2.2.1 Ofhlaðin stjórnvöld

Margræðissinnar hafa bent á að kröfur hagsmunahópa leiði gjarnan til lýðræðiskreppu. Stofnanir ná ekki að framkvæma skilvirkar aðgerðir í efnahags- og félagsmálum meðan sífellt fleiri verkefni bætast við. Valdasambönd sundrast og vald dreifist á marga hagsmunahópa sem keppa um áhrif og athygli.<sup>52</sup> Stjórn málaútkomur eru niðurstöður fjölmargra ferla og þrýstings þar sem stjórnvöld reyna að miðla og dæma á milli krafa. Væntingar almennings tengdar auknum lífsgæðum, hærri tekjum, bættri velferð og herra menntunarstigi hafa aukist á kostnað virðingar fyrir yfirvaldi og stöðu. Þessar væntingar eru í raun afleiðing velferðarkerfisins, vaxandi velmegunar, heilsu og menntunar sem hafa grafið undan einkaframtakinu og hugmyndum um jafnrétti og verðleika sem erfitt reyndist að standa við. Ýmsir þrýstihópar krefjast þess að stjórnvöld mæti þeirra hagsmunum og kröfum svo sem hærri launatekjum, verndun atvinnu á óstöðugum sviðum atvinnulífsins, lægri og hærri

---

<sup>50</sup> Nicholas Henry, *Public Administration and Public Affairs* (New Jersey: Prentice Hall, 1999), 30-52.

<sup>51</sup> Newton og Van Deth, *Foundations of Comparative Politics*, 218.

<sup>52</sup> Held, *Models of Democracy*, 230

vöxtum og lægra og hærra verði.<sup>53</sup>

Samkvæmt Richard Rose verða stjórnvöld ofhlaðin þegar arðsemi efnahagsvaxtar nær ekki að vega upp á móti vaxandi kostnaði og útgjöldum hins opinbera og þegar fjármagnshalli ríkissjóðs er orðinn það mikill að hann skapar viðvarandi verðbólgu og hefur í för með sér pólitískan óstöðugleika. Stjórnvöld taka að sér meira en þau geta með góðu móti efnt.<sup>54</sup>

Held telur að stjórnámálamenn séu gjarnir á að lofa meiru en mögulega er hægt að standa við, í þeim tilgangi að ná sem flestum atkvæðum kjósenda, og lofa að standa við andstæðar og þar með ómögulegar kröfur. Í slíkri samkeppni aukast vonir almennings og eru stjórnámálaflokkar í sífellri samkeppni um sama markmiðið, að bæta kjör almennings. Samkvæmt kenningunni um ofhlaðin stjórnvöld stunda stjórnámálamenn gjarnan friðkaup þegar til valda er komið af ótta við að missa atkvæði sín og falla aðgerðir í þágu fólksins í skugga slíkrar hentisemi. Friðkaup og eiginhagsmunir stjórnvalda leiða til sífellt fleiri ríkisstofnanna, til að mynda á sviði heilbrigðismála, menntamála, vinnumarkaðsfræða, verðs og tekna. Andlitslaust skrifræðisvald þróast og nær ekki settum markmiðum, opinber útgjöld aukast og verðbólga verður aðeins ein afleiðing vandans. Um leið og ríkið eykur umfang sitt setur það einstaklingsfrumkvæði í hættu og minnkar rýmið fyrir einkafyrirtæki. Þannig er ákveðið ferli sett af stað, samkvæmt margræðissinum, sem verður aðeins rofið af sterkri og afgerandi stjórnámálaforystu sem er minna móttækileg fyrir lýðræðislegum þrýstingi og kröfum.<sup>55</sup>

Í stuttu máli telur skólinn á bak við kenninguna um ofhlaðin stjórnvöld að kröfur til stjórnvalda séu orðnar það miklar að enginn virðist ánægður með frammistöðu og árangur þeirra. Of margir hópar sem berjast fyrir ólíkum hagsmunum hafa áhrif á aðgerðir og stefnur stjórnvalda og breyta lýðræðislegu ferli stjórnamála. Á bak við kenninguna um lögmætiskreppu stjórnvalda ríkir sú hugsun að það er ekki raunverulegt lýðræði að verki, stjórnvöld eru aðeins verkfæri auðvaldsins og almenningur hefur lítil sem engin áhrif á aðgerðir þess. Stjórnvöld þurfa alltaf að treysta á viðskiptavaldið og kapítalistanana fyrir framgöngu aðgerða í þágu efnahagsins.

---

<sup>53</sup> Sama heimild, 232.

<sup>54</sup> Richard Rose, *Learning About Politics in Time and Space* (Essex: ECPR Press, 2013), 182.

<sup>55</sup> Held, *Models of Democracy*, 231-232.



### 2.3 Mat á kenningum

Samkvæmt David Held er mikill munur á þessum tveimur ofangreindu kenningum um lýðræðiskreppu vestrænna samfélaga en þó eiga þær nokkra þætti sameiginlega. Í fyrsta lagi nefnir hann að vald ríkisins er getan til áhrifamikilla stjórn málaáðgerða. Vald er tæki fulltrúa, sem kjörnir eru af almenningi, til að starfa innan stofnanna og heildarinnar. Fulltrúar nýta sér úrræði þessara stofnana til að ná ákveðnu markmiði, jafnvel þó að fyrirkomulag þessara stofnana þrengi verksvið þeirra. Í öðru lagi fer vald lýðræðisríkis eftir samþykki yfirvalds þess, samkvæmt kenningunni um ofhlaðin stjórnvöld, eða eftir lögmæti þess, samkvæmt kenningunni um lögmætiskreppu stjórnvalda. Í þriðja lagi fer vald ríkisins, sem er mælt eftir getu þess til að leysa úr kröfum og erfiðleikum, minnkandi. Samkvæmt kennismiðum ofhlaðinna stjórnvalda er frjálsslynt lýðræðisríki óskilvirkt hvað varðar friðkaup og eiginhagsmunasemi stjórnámálanna sem og óhæfi stjórnvalda í að útvega skilvirka stjórnun. Samkvæmt kennismiðum lögmætiskreppunnar vantar aukna skynsemi í frjálsslyndu lýðræði, en þá er átt við stöðugar breytingar og sundrung í stjórnarstefnum og skipulagningu. Í fjórða lagi er verið að grafa undan getu stjórnvalda til að starfa af festu því að lögmæti þess fer ört hnignandi.<sup>56</sup>

Aðstæður í vestrænum ríkjum hafa verið flóknar síðan að síðari heimsstyrjöld lauk árið 1945 og hafa mörg lýðræðisríki staðið frammi fyrir miklum efnahagserfiðleikum. Vestræn hagkerfi byggðu upp velferðarkerfi sem hefur reynst kostnaðarsamt, útgjöld hafa vaxið og hafa þessi hagkerfi þurft að skera niður. Upplausn ríkjandi stjórn málaflókka og flokkakerfisins og efasemdir kjósenda í garð stjórnámálanna hafa einnig borið merki um undirliggjandi og dýpri vandamál fulltrúalýðræðisins.<sup>57</sup>

Svo lengi sem stjórnvöld hafa samþykki og stuðning frá þeim sem hafa mikla fjárhagslega hagsmuni, mikilvægum iðnaði og stéttarfélögum í lykilstöðu efnahagsins helst opinber skipun mála og er ólíklegri til að falla niður. Það sem kallast áætlanir um tilfærslu eru mikilvægar hér en það eru áætlanir sem dreifa verstu áhrifum efnahags- og stjórn málaakreppu á viðkvæma hópa en friðkaupa þá sem eru færari um að virkja kröfur sínar áhrifaríkast. Þrátt fyrir að stjórnvöld geri þetta ekki af einsettum vilja þá munu kjörnir fulltrúar reyna að stuðla að samheldni af núverandi skipan mála til að tryggja stuðning, auka efnahagstækifæri og

---

<sup>56</sup> Held, *Models of Democracy*, 236-237.

<sup>57</sup> Sama heimild, 226.

svigrúm fyrir stefnur þeirra. Þar sem erfiðleikar vestrænna efnahagskerfa hafa versnað undanfarin ár þá hafa þessar aðgerðir aukist.<sup>58</sup>

Því mætti álykta að ef almenningur telur ríkjandi stjórnarhætti vera ólögmæta þá eru mótmæli og kröfur um breytingar rökræn afleiðing þess og birtast gjarnan í einhvers konar andstöðu við opinber stjórnsmál viðkomandi ríkis. Báðir kenningaskólarnir, sem hér hafa verið reifaðir, settu fram ólíkar skýringar á ákveðinni kreppu fulltrúalýðræðis en nú verður lýðræði á Íslandi skoðað út frá þessum tveimur kenningaskólum og reynt að greina það landslag sem myndaði í íslenskum stjórnsmálum í kjölfar og aðdraganda hrunsins.

---

<sup>58</sup> Held, *Models of Democracy*, 240.

### 3. Lýðræði á Íslandi

Í þessum kafla verður byrjað á því að fjalla almennt um einkenni lýðræðis á Íslandi, kosningaþátttöku, flokkakerfið og úrslit borgarstjórnakosninga í Reykjavík. Því næst verða greindar þær afleiðingar sem efnahagshrunið hafði í för með sér fyrir lýðræði og stjórnun samfélagsins og samband kjósenda og fulltrúa þeirra. Stjórnmalaflokkar, bæði í ríkisstjórn og stjórnarandstöðu, fengu slæma útreið og sýndur kannanir dvínandi traust almennings til stjórnkerfisins. Í ljósi þess verður reynt að greina hvort að íslensk stjórnvöld hafi skort viðurkenningu á réttmæti í aðdraganda og kjölfar hrunsins eða hvort að of kröfur of margra hópa hafi leitt til þess að stjórnvöld gátu ekki efnt loforð sín og framfylgt skilvirkum stefnum. Einnig verður tekið til umfjöllunar hvernig kröfur almennings um þátttöku í lýðræðislegum stjórnmalum hafa breyst eftir hrunið.

Í lögum nr. 33/1944 um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er tekið fram að hér ríki þingbundin stjórn. Alþingi deilir löggjafarvaldi með forseta Íslands, sem fer einnig með framkvæmdarvald ásamt öðrum stjórnvöldum og er dómvaldið í höndum dómenda. Hver sem er má stofna félög eða samtök í löglegum tilgangi, þar á meðal stjórnmalaflokka og stéttarfélög, og eru allir jafnir fyrir lögum og njóta sömu mannréttinda. Hér ríkir jafnrétti, tjáningar- og atvinnufrelsi og velferðarstefna.<sup>59</sup> Í lögum nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis segir að hér skuli halda forsetakosningar, alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og eiga allir íslenskir ríkisborgarar kosningarétt, sem náð hafa 18. ára aldri og eru með lögheimili hér á landi.<sup>60</sup> Í lögum nr. 138/2011 um sveitarstjórnir er tekið fram að landinu sé skipt í sveitarfélög sem eru sjálfstæð stjórnvöld. Íbúar sveitarfélaganna veita umboð sitt á fjögurra ára fresti til sveitarstjórnar í lýðræðislegum kosningum.<sup>61</sup>

Á Íslandi er kosningaþátttaka mikil ef miðað er við önnur lýðræðisríki, þó hún hafi vissulega minnkað eitthvað undanfarin ár.<sup>62</sup> Í alþingiskosningunum árið 2003 mældist 87,7% þátttaka, árið 2009 var 85,1% þátttaka en þá hafði ríkt mikil spennan í stjórnmalalífi landsins í kjölfar hrunsins og er það einmitt á slíkum tímum sem kjósendur hafa frekar fyrir því að mæta

---

<sup>59</sup> Lög um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 <http://www.althingi.is/lagas/142/1944033.html>.

<sup>60</sup> Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024.html>.

<sup>61</sup> Lög um sveitarstjórnir nr. 138/2011 <http://www.althingi.is/lagas/142/2011138.html>.

<sup>62</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 51.

á kjörstað ef skýrir valkostir eru í boði. Árið 2013 var þetta hlutfall hins vegar farið niður í 81,5%.<sup>63</sup> Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum er töluvert minni en í alþingiskosningum. Árið 2002 var kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi 83,2% en féll niður um rúm fjögur prósentustig árið 2006. Árið 2010 þegar Besti flokkurinn var kjörinn í Reykjavík mældist kosningaþátttaka aðeins 73,5% sem er sögulega lágt.<sup>64</sup>

Á Íslandi hafa fjórir flokkar fengið mikinn hluta atkvæða í kosningum en þeir eru í dag Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Seinustu þrjátíu árin hafa þó alltaf fimm til sex stjórnmálaflokkar átt sæti á þingi á hverju kjörtímabili.<sup>65</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður árið 1929 og hefur nær alltaf haft mest kjörfylgi allra flokkanna. Hægri vængur stjórnmála hér á landi er ekki jafn klofinn og víða annars staðar og hefur sameinast í gegnum tíðina undir hatti Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn fylgir frjálshyggjustefnu en á þó ríka hefð í íhaldssamri þjóðfélagshugsun og leggur áherslu á markaðsfrelsi og viðskipti, sameiginlegt gildismat og mikilvægi hefðarinnar.<sup>66</sup>

Framsóknarflokkurinn var stofnaður árið 1916 og sótti lengi vel stærstan hluta fylgis síns til bænda enda varð flokkurinn til með sameiningu Bændaflokksins og óháðra bænda. Í dag sækir flokkurinn fylgi sitt víða enda eru bændur sífellt minnkandi hluti kjósenda.

Framsóknarflokkurinn fékk alltaf mikið kjörfylgi og var næst stærsti flokkurinn fram til ársins 1999. Hann hefur nú endurheimt stöðu sína og situr í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

---

<sup>63</sup> Hagstofa Íslands, „Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningaþátttaka eftir sveitarfélagi og kyni 2003-2013,“

<http://hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02104%26ti=Greidd+atkv%26E6%F0i%2C+kj%F3sendur+%E1+kj%F6rskr%E1+og+kosninga%FE%26E1ttaka+eftir+sveitarf%26E9lagi+og+kyni+2003%2D2013++++%26path=../Database/kosningar/althkjoseindur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall> (sótt 9. desember 2013).

<sup>64</sup> Hagstofa Íslands, „Sveitarstjórnarkosningar - Lykiltölur 1962-2010,“

[http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03101%26ti=Sveitarstj%F3rnarkosningar+%2D+Lykilt%F6lur+1962%2D2010++%26path=../Database/kosningar/svf\\_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi,%20hlutfall](http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03101%26ti=Sveitarstj%F3rnarkosningar+%2D+Lykilt%F6lur+1962%2D2010++%26path=../Database/kosningar/svf_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi,%20hlutfall) (sótt 12. Desember 2013).

<sup>65</sup> Stefania Óskarsdóttir, „People versus politicians: the political aftermath of the financial crisis in Iceland,“ *Open Citizenship* 4, nr.1 (2013): 38.

<sup>66</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 94-96.

Framsóknarflokkurinn er frjálslyndur félagshyggjuflokkur sem er staðsettur á miðjum væng stjórnmála.<sup>67</sup>

Vinstri vængur stjórnmála hérlendis hefur verið mun klofnari en sá hægri og skipað margar fylkingar. Í dag eru Samfylkingin og Vinstrihreyfingin - grænt framboð stærstu vinstriflokkarnir og voru þeir stofnaðir á 10. áratug síðustu aldar. Samfylkingin byrjaði sem kosningabandalag Kvinnalistans, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins árið 1999 en varð síðar að stjórnmálaflokki. Samfylkingin hefur fengið töluvert meira kjörfylgi en Vinstrihreyfingin<sup>68</sup> og byggir flokkurinn á jafnaðarstefnu velferðasamfélaga Norðurlandanna og Norður – Evrópu.<sup>69</sup> Vinstrihreyfingin- grænt framboð var stofnuð fyrir kosningarnar árið 1999 og var þá reynt að sameina vinstri- og náttúruverndasinnu í einn flokk en ýmsir stuðningsmenn Alþýðubandalagsins höfðu klofið sig úr Samfylkingunni og stofnað þessa nýju hreyfingu. Vinstrihreyfingin byggir á félagshyggju og umhverfisvernd.<sup>70</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn var með hreinan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur um áratuga skeið, frá 1930 til 1978, og aftur frá 1982 til 1994.<sup>71</sup> Árið 1994 missti Sjálfstæðisflokkurinn í annað skipti meirihluta. Hann laut þá í lægra haldið fyrir kosningabandalagi Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Samtaka um kvennalista sem kallaðist Reykjavíkurlistinn (R-listinn). R-listinn fékk tæplega 53% atkvæða og náðu átta borgarfulltrúum í borgarstjórn en Sjálfstæðisflokkurinn aðeins sjö. Staðan hélst óbreytt eftir borgarstjórnarkosningar árið 1998 en í kosningunum árið 2002 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 40% fylgi og náði aðeins sex borgarfulltrúum inn. Flokkurinn tapaði einum fulltrúa til Frjálslyndra og óháðra, en þannig náði borgarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon sæti í borgarstjórn. R-listinn hélt hins vegar sama fjölda borgarfulltrúa. Í borgarstjórnarkosningum árið 2006 urðu talsverðar breytingar en þá lagðist kosningabandalagið af og hver flokkur bauð fram sér. Þá náði Framsóknarflokkurinn einum manni inn sem var gott í sögulegu ljósi, Sjálfstæðisflokkurinn náði inn sjö fulltrúum,

---

<sup>67</sup> Sama heimild, 97-99.

<sup>68</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 105-106.

<sup>69</sup> Samfylkingin, „Stefnumál,“ <http://www.samfylkingin.is/Stefnumal> (sótt 26. desember 2013)

<sup>70</sup> Vinstrihreyfingin – grænt framboð, „Um okkur,“ <http://www.vg.is/vinstrihreyfingin-graent-frambod-2/> (skoðað 28. desember 2013).

<sup>71</sup> Sjálfstæðisflokkurinn, „Um Flokkinn,“ <http://www.xd.is/um-sjalfstaedisflokkinn/> (sótt 14. desember 2013).

Frjálslyndir og óháðir héldu sínum eina fulltrúa en Samfylkingin náði fjórum borgarfulltrúum í stjórn og Vinstrihreyfingin tveimur. Í borgarstjórnarkosningum árið 2010 urðu hins vegar miklar breytingar þegar Besti flokkurinn myndaði meirihluta með Samfylkingunni.<sup>72</sup>

Margt var búið að ganga á og mikil ólga í borgarmálum á tveimur síðustu kjörtímabilum en á árunum 2002-2010 var sjö sinnum skipt um borgarstjóra. Borgarstjóraskiptin hófust í tíð R-listans en frá 1994-2002 sat Ingibjörg Sólrún Gísaldóttir í borgarstjórástóli. Í byrjun árs 2003 lét hún af embætti, sneri sér að landspólitík, og við borgarstjórástöðu tók Þórólfur Árnason.<sup>73</sup> Hann sat í embætti til 1. desember 2004 en lét þá af störfum í kjölfar þeirra umræðu sem hafði skapast um verðsamráð olíufélaga á Íslandi en Þórólfur hafði áður starfað fyrir Olíufélagið hf.<sup>74</sup> Steinunn Valdís Óskarsdóttir tók svo við starfi borgarstjóra fyrir R-listann í lok nóvember 2004 og gegndi því embætti út kjörtímabilið.<sup>75</sup>

Enginn af þeim flokkum sem buðu fram í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík árið 2010 bætti við sig fylgi. Frá upphafi kjörtímabils fram til októbermánaðar 2007 var Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur með meirihluta og sat þá Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í borgarstjórástóli. Upp úr því samstarfi slitnaði og tók þá við svokallaður hundrað daga meirihluti Framsóknarflokks, Samfylkingar, Vinstrihreyfingar og Frjálslyndra og óháðra og sat þá Dagur B. Eggertsson í borgarstjórástóli. Í janúar 2008 myndaði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta með Frjálslyndum og óháðum og varð þá Ólafur F. Magnússon borgarstjóri. Haustið 2008 slitnaði upp úr því samstarfi og tók þá við meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Hanna Birna Kristjánsdóttir sat þá í borgarstjórástóli

---

<sup>72</sup> Hagstofa Íslands, „Úrslit borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 1930-2010,“

[http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%DArslit+borgarstj%F3rnakosninga+%ED+Reykjav%EDk+1930%2D2010+%26path=../Database/kosningar/svf\\_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20og%20hlutfall](http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%DArslit+borgarstj%F3rnakosninga+%ED+Reykjav%EDk+1930%2D2010+%26path=../Database/kosningar/svf_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20og%20hlutfall) (sótt 14. desember 2013).

<sup>73</sup> Mbl.is, „Ingibjörg Sólrún hættir sem borgarstjóri,“ *mbl.is*, 3. janúar 2003.

(<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/706773/>) (sótt 2. janúar 2014).

<sup>74</sup> Reykjavíkurborg, „Þórólfur Árnason borgarstjóri hættir störfum þann 30. nóvember 2004,“ *reykjavik.is*, 10. nóvember 2004. [http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-759/938\\_read-835/938\\_page-3/](http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-759/938_read-835/938_page-3/) (sótt 2. janúar 2014).

<sup>75</sup> Mbl.is, „Steinunn Valdís Óskarsdóttir nýr borgarstjóri,“ *mbl.is*, 10. nóvember 2004

þangað til að Jón Gnarr tók við embættinu vorið 2010.<sup>76</sup>

### 3.1 Kreppa lýðræðis á Íslandi

Þrátt fyrir að Ísland beri öll einkenni lýðræðis hefur töluvert verið deilt um ágæti og virkni þess í kjölfar hrunsins. Að vissu leyti má segja að opinber umræða og gagnrýni á lýðræði samfélagsins hafi byrjað fljótlega eftir síðustu aldarmót. Sú gagnrýni beindist aðallega að þróun stjórnarfars í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins en sá fyrrnefndi sat í ríkisstjórn samfleytt í tæp 18 ár frá árinu 1991. Horft var neikvæðum augum á þá valdasamþjöppun og foringjaræði sem virtist einkenna þessa stjórnarflokka. Einnig sneri gagnrýnin að auknum samruna stjórn mála og viðskiptalífs og því sem margir töldu spillingu tengda einkavæðingu bankanna og embættaveitingum. Að vissu leyti mætti segja að áföll í efnahagsmálum hafi kallað fram ákveðna lýðræðiskreppu. Minnkandi traust almennings á ríkisstofnunum ýtti undir kröfur um grundvallarbreytingar á stjórnskipan landsins og var sú skoðun almennt útbreidd að hrunið hefði leitt í ljós veikleika í grunnstoðum lýðræðissamfélags, sem þyrfti að endurskoða.<sup>77</sup>

Með efnahagshruninu og fjármálaþrengingunum í kjölfar þess varð gagnrýnin á lýðræði mjög áberandi í opinberri umræðu. Tiltrú almennings á stjórnvöldum og stjórn málamönnum beið mikla hnekki og töldu sumir að alvarlegur trúnaðarbrestur hafi átt sér stað.<sup>78</sup> Fjöldamótmæli í miðbæ Reykjavíkur í janúar 2009, svonefnd Búsáholdabylting, gáfu til kynna skort á réttmæti stjórnvalda og afturför í lýðræðisþróun. Byltingin náði hámarki um miðjan janúar 2009 en þá söfnuðust saman þúsundir Íslendinga fyrir utan Alþingishúsið og mótmæltu.<sup>79</sup> Mótmælendur kröfðust afsagnar þáverandi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og

---

<sup>76</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga, „Reykjavíkurborg,“ <http://www.samband.is/media/eldri-sveitarstjornir/Reykjavikurborg.pdf> (sótt 14. desember 2013).

<sup>77</sup> Guðmundur Jónsson, „Átakahefðin í íslenskum stjórn málum og norrænt samráðslýðræði,“ *Söguþing Ráðstefnurnit* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2012), 1-2.

<sup>78</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir, „Íbúðalýðræði – yfir og allt um kring,“ *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum*, ritstj. Gunnar Helgi Kristinsson, Margrét S. Björnsdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir (Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, 2012), 6.

<sup>79</sup>Fréttablaðið, „Umsátur um Alþingi,“ Forsíða Fréttablaðsins 21, janúar 2009.

Samfylkingar sem og afsagnar stjórnar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.<sup>80</sup>

Meginkröfum mótmælenda var mætt að vissu leyti. Ríkisstjórnin sagði af sér og boðað var til nýrra alþingiskosninga<sup>81</sup> og stjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins voru leystar upp af nýrri ríkisstjórn.<sup>82</sup> Minnihlutastjórn Vinstrihreyfingar – græns framboðs og Samfylkingar var mynduð 1. febrúar 2009 en flokkarnir hlutu síðan meirihluta þingsæta í alþingiskosningunum 25. apríl 2009.<sup>83</sup> Fyrri ríkisstjórn hafði sett lög nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða og skipað sérstaka rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem átti að fara með þetta verkefni.<sup>84</sup> Nefndin skilaði af sér skýrslu í apríl 2010 en þá höfðu kjósendur þegar skipt út flokkum á þingi, stjórnámálamenn höfðu hætt og beðiðst afsökunar.

Jón Gunnar Bernburg, prófessor við félagsvísindadeild í Háskóla Íslands, og fleiri hafa rannsakað hverjir það voru sem tóku þátt í mótmælunum og reynt að greina einkenni og viðhorf þeirra. Samkvæmt niðurstöðu rannsókna hans voru það ekki eingöngu efnahagslegir þættir sem hvöttu fólk til þess að mæta á mótmæli heldur einnig hugmyndafræðileg gagnrýni á þáverandi valdhafa. Fólkið sem mætti á mótmæli var líkleggra en annað fólk til þess að vantroysta Alþingi og stjórnámálamönnum og þeir sem mættu oftast voru líklegri en aðrir til þess að telja ójafnrétti í íslensku samfélagi vera vegna spillingar, klíkuskaps og afskipta stjórnámálanna. Þeir sem staðsetja sig á vinstri væng stjórnamála voru þess vegna mun virkari þátttakendur í mótmælunum og endurspeglar það orðræðu vinstrimanna um að

---

<sup>80</sup> Mbl.is, „Reiðin ráði ekki,“ *mbl.is*, 30. september 2010.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/30/reidin\\_radi\\_ekki\\_for/?ref=morenews](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/30/reidin_radi_ekki_for/?ref=morenews) (sótt 30. Nóvember 2013).

<sup>81</sup> Timesonline.co.uk, „Credit crunch claims Icelandic Government after ‘Household revolution’,“ *Timesonline.co.uk*, 29. janúar 2010, <http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/europe/article5594348.ece> (sótt 3. desember 2013).

<sup>82</sup> Visir.is, „Björgvin, Jónas og stjórn FME láta af störfum,“ *visir.is*, 25. Janúar 2009.

<http://www.visir.is/bjorgvin,-jonas-og-stjorn-fme-lata-af-storfum/article%20/200933513550> (sótt 10. Desember 2013). Ruv.is, „Davíð og Eiríkur hættir,“ *ruv.is*, 15. janúar 2010. <http://www.ruv.is/frett/david-og-eirikur-haettir-i-bankanum> (sótt 10. desember 2013). Visir.is, „Ingimundur hættir,“ *visir.is*, 7. febrúar 2009.

<http://visir.is/%20ingimundur-haettir-/article/2009310117043> (sótt 10. desember 2013).

<sup>83</sup> Stefania Óskarsdóttir, „People versus politicians: the political aftermath of the financial crisis in Iceland,“ *Open Citizenship* 4, nr.1 (2013): 36-37.

<sup>84</sup> Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða nr. 142/2008 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008142.html>.



frjálshyggja stjórnvalda hafi verið orsök kreppunnar.<sup>85</sup> Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem Vinstrihreyfingin hafði ekki setið í ríkisstjórn um árabil. Í rannsókninni kom einnig fram að langvarandi efnahagslegur uppgangur á árunum fyrir hrun hafi stuðlað að auknum væntingum almennings og því olli fjármálahrunið ákveðnu efnahagslegu bakslagi hjá mörgum. Brostnar væntingar vegna hrunsins ýttu þannig undir þátttöku almennings í mótmælunum.<sup>86</sup> Margir kenndu stjórnvöldum um, æðstu ráðamenn og eftirlitsaðilar áttu að hafa staðið vaktina og gætt hagsmuna fólksins í landinu en almenningur taldi svo ekki vera. Nú verður skoðað hvort stjórnvöld hafi skort viðurkenningu á réttmæti í kjölfar hrunsins.

### 3.2 Lögmætiskreppa á Íslandi

Ef horft er til fyrrnefndu skilgreiningar marxista á lögmæti er átt við stjórnmalaskipan sem er viðurkennd af almenningi og fólk fylgir lögum og reglum stjórnvalda vegna eigin sannfæringar um réttmæti þeirra. Vissulega má segja að fjármálahrunið hafi haft í för með sér gagnrýni á getu stjórnvalda, bæði til að stýra málum af skynsemi og leysa úr erfiðum og flóknum viðfangsefnum sem þörf var á til þess að koma efnahag landsins úr þeirri kreppu sem við blasti.

Rannsóknarskýrsla Alþingis kemur meðal annars inn á eftirlitsleysi og litla getu íslenskra stjórnvalda til að bregðast við því ástandi sem skapaðist í kjölfar hrunsins. Þrátt fyrir að hér hafi ekki verið ólögmæt stjórnmalaskipan í þeirri merkingu að stjórnmalaflokkar eða stjórnmalamenn hafi stundað ólöglega starfsemi mátti greina yfirlýsta óánægju almennings með efnahagsástandið. Held kemur inn á þetta þegar hann telur aðalvandamálið ekki vera skort á viðurkenningu á réttmæti stjórnvalda heldur tortryggni, efasemdir og vantraust margra sem vegur ekki nægilega upp á móti þægindum og lofordum um framtíðarumbætur þegar efnahagskerfið og stjórnvöld mæta sífellt erfiðari vandamálum.<sup>87</sup>

---

<sup>85</sup> Jón Gunnar Bernburg, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir, „Hverjir tóku þátt í Búsáaldabyltingunni?“ *Þjóðarspejillinn 2010*, ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé ( Reykjavík: Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, 2010), 106-107.

<sup>86</sup> Stjórnarráð Íslands, „Sögulegt efni: Ríkisstjórnartal frá stofnun lýðveldis,“ <http://www.stjornarrad.is/Rikisstjornartal/> (sótt 15. desember 2013).

<sup>87</sup> Held, *Models of Democracy*, 239.

Þjóðarpúls Gallup frá mars 2008 sýnir að traust almennings til Alþingis var 42%<sup>88</sup> en hafði lækkað um 29 prósentustig ári síðar og mældist aðeins 13%.<sup>89</sup> Stuttu eftir alþingiskosningarnar í apríl 2009 gerði Gallup könnun á viðhorfi Íslendinga til spillingar í íslensku þjóðfélagi, einkum í tengslum við styrkveitingar fyrirtækja til stjórnmalaflokka og frambjóðenda í prófkjörum. Voru háar styrkveitingar einkafyrirtækja til stjórnmalaflokka mikið til umræðu í aðdraganda kosninganna og hvort slík háttsemi teldist eðlileg eða ekki. Sjálfstæðisflokkurinn var töluvert til umræðu eftir að upp komst að FL Group og Landsbankinn hefðu styrkt flokkinn um tug milljóna rétt áður en lög um hámarksframlög til stjórnmalaflokka tóku gildi. Sama mátti segja um Framsóknarflokkinn sem þurfti að svara fyrir háar styrkveitingar frá Eykt.<sup>90</sup> Í stuttu máli töldu Íslendingar spillingu vera meiri en áður og var viðskiptalífið talið spilltast en þar á eftir komu stjórnmalaflokkar. Nær 71% töldu stjórnmalaflokka vera frekar eða mjög spillta sem er töluverð hækkun frá árinu 2007 en þá voru 59% sömu skoðunar. Um 44% töldu fjölmiðla vera spillta og þar næst kom löggjafarvaldið en 43% landsmanna töldu Alþingi vera spillt.<sup>91</sup>

Það var einnig á sveitarstjórnarstigi sem vantraust og tortryggni gagnvart stjórnmalum birtist. Stjórnarflokkarnir töpuðu fylgi á landsvísu sem kom fram í sveitarstjórnarkosningum. Ólga í stjórnmalum Reykjavíkurborgar frá 2002-2010 hafði neikvæð áhrif í för með sér ef marka má tölur skoðanankannana. Í mars árið 2008 var traust almennings til borgarstjórnar Reykjavíkur í fyrsta sinn kannað í þjóðarpúlsi Gallup og leiddu niðurstöður í ljós að einungis 9% landsmanna bar traust til borgarstjórnar.<sup>92</sup> Ári síðar þegar sama könnun var gerð kom í ljós að hlutfall þeirra sem báru mikið traust til borgarstjórnar Reykjavíkur hafði tvöfaldast og

---

<sup>88</sup> Gallup, „Lítið traust til Borgarstjórnar Reykjavíkur,“ *Þjóðarpúlsinn*, 7. mars 2008.

<http://www.capacent.is/frettir/nr/649> (sótt 14. desember 2013).

<sup>89</sup> Gallup, „Traust til stofnana og embætta minnkar verulega,“ *Þjóðarpúlsinn*, 3. mars 2009.

<http://www.capacent.is/frettir/nr/587> (sótt 14. desember 2013).

<sup>90</sup> Mbl.is, „Styrkjámál Sjálfstæðisflokksins í hnotskurn,“ *mbl.is*, 16. apríl 2009. <http://www.visir.is/styrkjamal-sjalfstaedisflokksins-i-hnotskurn/article/200914871316> (sótt 10. desember 2013)

<sup>91</sup> Gallup, „Spilling á Íslandi,“ *Þjóðarpúlsinn*, 7. maí 2009. <http://www.capacent.is/frettir/nr/572> (sótt 14. desember 2013).

<sup>92</sup> Gallup, „Lítið traust til Borgarstjórnar Reykjavíkur,“ *Þjóðarpúlsinn*, 7. mars 2008.

<http://www.capacent.is/frettir/nr/649> (sótt 16. desember 2013).

mældist þá 18%, sem er þó ekki hátt hlutfall.<sup>93</sup>

Hrunið hafði í för með sér að lífskjör almennings versnuðu skyndilega, krónan féll, atvinnuleysi og verðbólga jókst og fólk stóð frammi fyrir eignatapi. Á Íslandi hefur verið tiltölulega lítill munur á kjörum fólks miðað við mörg önnur lýðræðissamfélög en vissulega má greina aukna tekjuskiptingu frá árunum eftir aldarmót og fram að hruni.<sup>94</sup> Ísland fór hratt fram úr öðrum norrænum löndum í auknum ójöfnuði og fyrir hrun var orðin meiri tekjuskipting hérlendis en á hinum Norðurlöndunum. Eftir hrun gekk þessi tekjuskipting að vissu leyti til baka vegna minni tekjuuppgripa viðskiptamanna og aukins jöfnuðar vegna skatta- og bótastefnu stjórnvalda. Þó hefur ríkt mikill munur á kjörum útvegsmanna og almennra launþega vegna gengisfalls krónunnar undanfarin ár.<sup>95</sup> Varla er þó hægt að segja að hér sé mikil stéttaskipting þrátt fyrir að greina megi breytingar í tekjuskiptingu á ákveðnum tímabilum. Þessar breytingar geta þó haft áhrif á viðhorf almennings líkt og kom fram í fyrrnefndri rannsókn Jóns Gunnars.

Þrátt fyrir að íslenskir kjósendur gefi fulltrúum sínum umboð í lýðræðislegu ferli kosninga eru gjarnan margir aðrir sem koma að ákvörðunartöku og geta haft áhrif á aðgerðir stjórnvalda. Tölur frá Gallup sýndu lítið traust almennings til stofnana ríkisins og fulltrúa kjósenda og segja mætti að réttmæti á viðurkenningu stjórnvalda hafi beðið hnekki. Stjórnsmálamenn á Íslandi keppast um embætti í gegnum flokka en þurfa samt, þegar til valda er komið, að mæta hagsmunum kapítalismans svo sem viðskiptalífsins, sjávarútvegsins og orkugeirans. Í kosningum keppa þessir stjórnsmálamenn á endanum þó alltaf að sama marki sem felst í að bæta kjör fólksins í landinu með einhverjum hætti til að viðhalda og ná til sem flestra kjósenda. Nú verður reynt að greina aðgerðir og kröfur þeirra hópa sem stjórnvöld þurftu að mæta í kjölfar efnahagshrunsins.

---

<sup>93</sup> Gallup, „Traust til stofnana og embætta minnkar verulega,“ *Þjóðarpúlsinn*, 3. mars 2009.

<http://www.capacent.is/frettir/nr/587> (sótt 16. desember 2013).

<sup>94</sup> Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, „Þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1992-2010,“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 8, nr.1 (2012): 40-41.

<sup>95</sup> Sama heimild, 63.

### 3.3 Kreppa ofhlaðinna stjórnvalda Íslands

Ljóst er að stjórnvöld héraendis glímdu við mikinn vanda í kjölfar gjaldþrots bankanna, vaxandi atvinnuleysis og mikillar verðbólgu. Talað var um ákveðna kreppu stjórn mála í kjölfar hrunsins en þá er átt við að hinn almenni borgari spili sífellt minna hlutverk á vettvangi stjórn mála, sé vanmáttugur gagnvart stjórn málaflokkum, fyrirtækjum, opinberum stofnunum og auðmagni og hafi sífellt minni stjórn á sínu eigin félagslega umhverfi. Samkvæmt kenningunni um ofhlaðin stjórnvöld hefur valdið færst frá kjósendum í fulltrúalýðræði og eru þeir sem tróna á toppi valdaráráðs oftast en ekki skipaðir í stöður en ekki kjörnir í samræmi við lýðræðislega starfshætti. Sú umræða kom upp að lýðræði héraendis væri í vanda og athugasemjaverk í framkvæmd. Sumir töldu að breyta þyrfti stjórnarskrá lýðveldisins til að leggja grunn að nýju Íslandi þar sem meðal annars yrði dregið úr vægi stjórn málaflokka með auknu persónukjöri, þjóðaratkvæðagreiðslum og kosningu stjórnlagaráðs sem lausn við þessum lýðræðisvanda.<sup>96</sup>

Þrjú stærstu bankar landsins urðu gjaldþrota haustið 2008 og þurfti ríkið að grípa inn í enda voru áhrif gjaldþrotsins á íslenskan efnahag gríðarleg. Starfsemi bankanna hafði farið út fyrir öll mörk í aðdraganda hrunsins en árið 2007 var til dæmis velta þriggja stærstu bankanna níu sinnum meiri en þjóðarframleiðsla íslenska ríkisins.<sup>97</sup> Vinstristjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók því við mörgum erfiðum verkefnum árið 2009 en mikilvægt var að framkvæma aðgerðir í þágu heimila og atvinnulífs, endurreisa bankakerfið, endurbæta stjórnsýsluna og lýðræði landsins. Vaxandi erlendar skuldir og ábyrgðir þjóðarbúsins voru miklar og náðu áhrif gjaldþrotsins út fyrir landsteinana. Flestum er kunnugt um Icesave reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Landsbankinn hafði á sínum tíma boðið betri kjör en aðrir bankar þarlendis en var starfræktur sem íslenskt fyrirtæki og að vissu leyti á ábyrgð íslenska ríkisins.<sup>98</sup> Í stuttu máli hefur mikið verið deilt um hlutverk og ábyrgð ríkisins hvað varðar endurgreiðslu þessara skulda bankans.

Í kjölfar hrunsins beittu bresk stjórnvöld hryðjuverkalögum á Ísland og frystu eitur Landsbankans og íslenska ríkisins í Bretlandi í krafti þeirra. Þá kom InDefence hópurinn fram

---

<sup>96</sup> Robert Wade, „The Crisis: Iceland as Icarus,“ *Challenge* 52, nr.3 (2009): 30-32.

<sup>97</sup> Jon Danielsson og Gylfi Zoega, *The Collapse of a country*, 2. útg. (Reykjavík: Hagfræðistofnun, 2009), 1-3.

<sup>98</sup> Ruv.is, „Ísland vann Icesave- málið,“ *ruv.is*, 28. janúar 2013. <http://www.ruv.is/frett/island-vann-icesave-malid> (sótt 18. desember 2013).

sem samanstóð af sjálboðaliðum með það markmið að verja hagsmuni íslensku þjóðarinnar í þessari deilu, bæði innanlands og utanlands. Þessi þverpólítíski hópur var stofnaður árið 2008 af fólki sem ofbauð aðgerðir breskra stjórnvalda á hápunkti efnahagskreppunnar. Hópurinn safnaði saman upplýsingum, útvegaði greiningu og stuðlaði að málefnalegri umræðu. Fyrsta verkefni hópsins var að standa fyrir undirskriftasöfnun sem rúmlega 75.000 Íslendingar skrifuðu undir til þess að mótmæla hryðjuverkalögunum en hópurinn afhenti breskum stjórnvöldum listann 17. mars 2009. Í byrjun árs 2010 afhenti hópurinn forseta Íslands annan undirskriftalista til þess að mótmæla fyrirhuguðum Icesave lögum ríkisstjórnarinnar sem nær 25% kjósenda höfðu skrifað undir.<sup>99</sup> Nokkrum dögum síðar synjaði forsetinn, Ólafur Ragnar Grímsson, lögnum og boðað var til fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu íslenska lýðveldisins sem fór fram í mars árið 2010. Úrslit kosninganna urðu mikill skellur fyrir ríkisstjórnina en 93% kjósenda höfnuðu lögnum. Eftir úrslit kosninganna skipaði ríkisstjórnin hóp til þess að endurbæta lögina og komast að nýju samkomulagi. Enn synjaði forseti lögnum sem stærstur hluti þingmanna samþykkti og var þeim vísað í seinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða kosninganna var sú að 60% kjósenda höfnuðu lögnum. Þá ákváðu bresk og hollensk stjórnvöld að vísa málinu til EFTA dómstólsins sem sá um að útkljá deiluna.<sup>100</sup>

InDefence hópurinn og krafa margra samfélagshópa um breytingu á stjórnarskrá landsins og aukið beint lýðræði eru í samræmi við kenningu margræðissinna um það hvernig hópar reyna að hafa áhrif á stjórn málaútkomuna. Traust til stjórnmalamanna og Alþingis dvínaði á kostnað aukinna krafa um beint lýðræði. Margir höfðu sífellt minni trú á hæfni stærstu stjórnmalaflokka landsins. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingar hafði ítrekað reynt að koma lögum Icesave í gegn og beið mikla hnekki í kjölfar kosningaúrslita<sup>101</sup> og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn höfðu þá ekki gott orð á sér ef marka má kannanir Gallup.

Hér að ofan hefur verið farið í þær samfélagsaðstæður sem ríktu á Íslandi í kjölfar hrunsins, vantraust og efasemdir margra kjósenda í garð stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna og þær kröfur og verkefni sem stjórnvöld þurftu að takast á við í kjölfar

---

<sup>99</sup> In Defence of Iceland, „Um InDefence,“ <http://www.indefence.is/about/> (sótt 2. janúar 2014).

<sup>100</sup> Stefánía Óskarsdóttir, „People versus politicians: the political aftermath of the financial crisis in Iceland,“ *Open Citizenship* 4, nr.1 (2013): 36-37.

<sup>101</sup> Sama heimild, 42-43.

hrunsins. Nú verður kjör Besta flokksins skoðað út frá þessum þáttum og reynt að greina hvaðan fylgi flokksins kom, hvers vegna og hvernig borgarstjóranum umdeilda Jóni Gnarr hefur tekist til á þessu kjörtímabili.

## 4. Besti flokkurinn í borgarstjórn Reykjavíkur

Í þessum kafla verður byrjað á því að fara yfir stofnun og tilurð Besta flokksins. Því næst verður fjallað um kosningabaráttuna og kjör flokksins í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík árið 2010. Leitast verður við að greina hvaðan fylgi flokksins kom og hvers vegna stór hluti borgarbúa kaus þennan nýja stjórnmalaflokk til þess að stjórna borginni. Einnig verður reynt að greina eðli flokksins í ljósi kenninganna um tegundir stjórnmalaflokka og því velt upp hvernig Jón Gnarr hefur staðið sig í starfi sínu sem borgarstjóri.

Líkt og tekið var fram hér að framan er kosið til borgarstjórnar á fjögurra ára fresti. Í Reykjavík sitja fimmtán fulltrúar í borgarstjórn og er það hlutverk stjórnarinnar að ráða borgarstjóra til að gegna embættinu út kjörtímabilið og kjósa borgarráð til eins árs í senn. Borgarráð er skipað sjö fulltrúum. Borgarráð og borgarstjóri fara með framkvæmda- og fjármálastjórn borgarinnar og hafa yfirumsjón með stjórnsýslunni. Borgarstjórn kys sex fastaráð til fjögurra ára í senn en þau eru íprótta- og tómsundaráð, mannréttindaráð, menningar- og ferðamálaráð, skóla- og frístundaráð, umhverfis- og skipulagsráð og velferðaráð. Borgarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna og framkvæmdarstjóri Reykjavíkurborgar.<sup>102</sup>

### 4.1 Stofnun Besta flokksins og kosningabaráttan

Í árslok 2009 var Besti flokkurinn stofnaður og 3. mars árið 2010 var framboðslisti flokksins kynntur en hann skipuðu meðal annars þjóðþekktir listamenn, tónlistarfólk, grínistar og leikara með litla sem enga reynslu af stjórnánum.<sup>103</sup> Jón Gnarr Kristinsson hafði stuttu áður unnið yfirburða sigur í prófkjöri flokksins og skipaði fyrsta sæti listans. Flokkurinn og sérstaklega leiðtogi hans fékk strax frá upphafi mikla athygli enda var um að ræða fremur óvenjulegt grínframboð. Samkvæmt Jóni kviknaði hugmyndin að Besta flokknum þegar hann og nákominn vinur hans Sigurjón Kjartansson voru að ræða saman um útvarpsþætti, en þeim félögum fannst mikið óréttlæti að hafa ekki verið boðinn þeirra eigin útvarpsþáttur. Jón vildi

---

<sup>102</sup> Reykjavíkurborg, „Stjórnkerfi Reykjavíkurborgar,“ *reykjavik.is*

[http://reykjavikurborg.is/desktopdefault.aspx/tabid-2784/4398\\_view-1356/](http://reykjavikurborg.is/desktopdefault.aspx/tabid-2784/4398_view-1356/) (sótt 22. desember 2013).

<sup>103</sup> Besti flokkurinn, „Frambjóðendur,“ <http://www.bestiflokkurinn.is/is/frambjoeendur/blog> (sótt 20. nóvember 2013).

þá stofna stjórnmalaflokk, bjóða fram og vinna kosningar. Þannig ætlaði hann að verða menntamálaráðherra og skipa Sigurjón Kjartansson, vin sinn til margra ára, útvarpsstjóra á Ríkisútvarpinu. Sigurjón myndi þá bjóða Jóni sinn eigin útvarpsþátt sem yrði í loftinu öll laugardagskvöld. Samkvæmt Jóni yrði þessi greiðsemi illa liðin og gagnrýnd meðal almennings en þá myndi Jón brjóta blað í sögu stjórn mála og einfaldlega segja af sér og viðurkenna spillinguna. Þarna kviknaði hugmyndin af Besta flokksnum en það var ekki fyrr en Jón kynntist Heiðu Kristínu Helgadóttur, varaformanni Besta flokksins, sem hann áttaði sig á að hann yrði aldrei menntamálaráðherra og þurfti hún meðal annars að útskýra fyrir honum muninn á sveitarstjórnarkosningum og alþingiskosningum.<sup>104</sup>

Jón Gnarr kom mikið fram í fjölmiðlum og notaði kaldhæðni og grín til að mótmæla ríkjandi stjórn málahefð. Kosningaloforð flokksins voru ótrúverðug og tekið var skýrt fram að ekki yrði staðið við nokkurt þeirra. Stefnumál flokksins voru meðal annars að stöðva spillingu með því að stunda hana fyrir opnum tjöldum, bjóða námsmönnum og aumingjum upp á ókeypis strætóferðir og fella niður allar skuldir.<sup>105</sup> Segja má að flokkurinn sé dæmi um þessa nýju stjórn málaflokka eða fylkingar sem eru að spretta upp í dag og er fjallað um í kafla tvö. Besti flokkurinn myndi falla undir hugmyndafræði and-stjórn málaflokka sem mótmæla ríkjandi stjórn málum og flokkum, aðferðum þeirra, aðgerðum og íhaldssemi.

Guðrún Rós Árnadóttir rannsakaði Besta flokkinn í lokaritgerð sinni í stjórn málafræði árið 2011 og tók meðal annars viðtöl við fjóra efstu frambjóðendur flokksins. Aðspurður um reynslu sína í stjórn málum sagðist Jón Gnarr ekki hafa tekið mikinn þátt í stjórn málum en segist hafa haft ákveðnar pólitískar skoðanir:

Ég hef alltaf verið anarkisti og mér finnst anarkisminn vera mjög heillandi fyrirbæri og einhvern veginn er þeirrar skoðunar, haft þá grundvallarhugsun, að við getum ekki gert neitt að viti fyrr en kapitalisminn er liðinn undir lok.<sup>106</sup>

Í lok mars 2010 var Besti flokkurinn strax kominn með 12,7% fylgi í Reykjavík og tvo borgarfulltrúa samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins frá 25. mars 2010. Jón Gnarr kom þá

---

<sup>104</sup> Ruv.is, „Virkir morgnar: Tvíhöfði,“ *ruv.is*, 30. október 2013. <http://www.ruv.is/sarpurinn/virkir-morgnar-tvihofdi/30102013> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>105</sup> Besti flokkurinn, „Stefna,“ <http://bestiflokkurinn.is/is/um-flokkinn/stefnumal> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>106</sup> Guðrún Rós Árnadóttir, „Þegar andkerfisflokkur verður hluti af kerfinu: Rannsókn á Besta flokksnum“ (BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2011), 24.



fram í fjölmiðlum og sagði:

Mér finnst þetta mjög gleðilegt. Ég hafði samt alveg búist við þessu. Við stefnum að því að ná fjórum mönnum inn. En þegar svona langt er til kosninga er bara mjög ánægjulegt að nýr flokkur fái þetta mikið fylgi. Líka af því þetta er yfirlýst grínframboð. Ég held að grínframboð hafi aldrei fengið meira en eitt prósent.<sup>107</sup>

Í þjóðarpúlsi Gallup fjórum vikum fyrir kosningar mældist Besti flokkurinn með svipað fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn og hefðu flokkarnir náð jafn mörgum mönnum inn þá, eða fjórum. Samfylkingin hefði náð fimm mönnum inn, Vinstrihreyfingin tveimur og Framsóknarflokkurinn engum. Svo virðist sem útgáfa *Rannsóknarskýrslu Alþingis* í apríl 2010 hafi haft áhrif á viðhorf fólks til stjórnmála en Sjálfstæðisflokkurinn hafði tapað sex prósentustigum á landsvísu frá fyrri könnun Gallup og fylgi Vinstrihreyfingarinnar hafði aukist um fjögur prósentustig. Samkvæmt Jóni Gnarr var þessi niðurstaða góð byrjun en flokkurinn stefndi þó að hreinum meirihluta í borginni.<sup>108</sup>

Um miðjan maí 2010 opnaði Besti flokkurinn kosningaskrifstofu sína og sama dag gaf hann frá sér stuðningslag með myndbandi sem varð gífurlega vinsælt.<sup>109</sup> Í kjölfar þess birti Markaðs og miðlarannsóknir (MMR) skoðanakönnun sem Sjálfstæðisflokkurinn lét gera en þá mældist Besti flokkurinn með mesta fylgi allra framboða eða 36%<sup>110</sup> og stuttu seinna eða 21. maí birti Stöð 2 og Fréttablaðið könnun sína en þá var fylgi flokksins komið upp í 44% og með það fylgi hefði flokkurinn fengið meirihluta borgarfulltrúa. Þá hafði fylgi Sjálfstæðisflokksins hrapað töluvert og mældist jafn mikið og fylgi Samfylkingar.<sup>111</sup> Jón Gnarr skrifaði bréf til borgarbúa stuttu fyrir kosningarnar árið 2010 í kjölfar góðrar útkomu flokksins í skoðanakönnunum þar sem hann sagði meðal annars:

---

<sup>107</sup> Visir.is, „Besti flokkurinn nær tveimur mönnum inn,“ *visir.is*, 26. mars 2010.

<http://www.visir.is/article/201016604182> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>108</sup> Ruv.is, „Besti flokkurinn fengi fjóra kjörna,“ 30. apríl 2010. <http://www.ruv.is/frett/besti-flokkurinn-fengi-fjora-kjorna> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>109</sup> „Besti flokkurinn – The Best Video,“ Mynband við stuðningslag Besta flokksins, *youtube.com*, 20. maí 2010. <http://www.youtube.com/watch?v=xxBW4mPzv6E> ( sótt 15. nóvember 2013).

<sup>110</sup> Visir.is, „Besti flokkurinn stærsta stjórnmálaaflið í Reykjavík,“ *visir.is*, 17. maí 2010. <http://visir.is/besti-flokkurinn-staersta-stjornmalaaflid-i-reykjavik/article/201089648395> (sótt 15. Nóvember 2013).

<sup>111</sup> Visir.is, „Besti flokkurinn með hreinan meirihluta,“ 17. maí 2010. <http://www.visir.is/besti-flokkurinn-med-hreinan-meirihluta/article/2010331153835> (sótt 20. nóvember 2013).

Ég stofnaði Besta flokkinn vegna þess að ég var orðinn leiður á hegðun og framkomu stjórnámálanna í borginni og langaði að gera athugasemd sem mark væri tekið á. Mig langaði að stríða þessu fólki, með því að draga upp afskræmda spegilmynd af því sjálfu. Ég var fyrir löngu orðinn þreyttur á að horfa upp á borgina mína drabbast niður af vanrækslu og skipulagsleysi. Ég var orðinn þreyttur á innantómum vaðli stjórnámálanna, loforðum þeirra, valdabaráttu, yfirborðsmennsku og hroka. Viðbrögð kjósenda hafa svo sýnt okkur að við erum ekki ein um þessa skoðun. Fólk er bara búið að fá nóg.<sup>112</sup>

Tilgangur með þessu bréfi hans var þó að áréttta að flokkurinn væri ekki grínframboð og ef vilji væri meðal kjósenda þá myndi flokkurinn gera sitt besta.<sup>113</sup>

Að lokum varð Besti flokkurinn sigurvegari kosninganna 29. maí árið 2010 með 34,7% atkvæða, fékk sex menn kjörna og myndaði meirihluta með Samfylkingunni sem hlaut 19% atkvæða og þrjá menn kjörna. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 33,6% atkvæða, fimm kjörna borgarfulltrúa og tapaði tveimur og Vinstrihreyfingin – grænt framboð fékk einn borgarfulltrúa og tapaði einum.<sup>114</sup>

## 4.2 Besti flokkurinn í borgarstjórn

Jón Gnarr hefur setið í borgarstjórastóli síðan Besti flokkurinn og Samfylkingin mynduðu meirihluta eftir kosningarnar árið 2010. Stuttu eftir að hann var kjörinn sagði hann að flokkurinn væri meira ímyndunarafli heldur en rökhugsun, stjórnmalapartý en ekki stjórnmalaflokkur, og líkti flokknum við Múmínþabba. Jón var viss um að hægt væri að minnka áhyggjur borgarbúa og að nýi meirihlutinn ætlaði að reyna að gera eitthvað gott fyrir alla.<sup>115</sup>

Í fyrrnefndri rannsókn Guðrúnar Rósu um Besta flokkinn komst hún meðal annars að þeirri niðurstöðu að stærstur hluti kjósenda flokksins kæmi frá vinstri væng stjórnmála.

---

<sup>112</sup> Visir.is, „Kæri Reykvikur“, *visir.is*, 1. maí 2010. <http://www.visir.is/kaeri-reykvikur/article/2010772722358> (sótt 20. nóvember 2013).

<sup>113</sup> Sama heimild.

<sup>114</sup> Hagstofa Íslands, „Úrslit borgarstjórnaðinga í Reykjavík 1930-2010“, [http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%DArslit+borgarstj%F3rnakosninga+%ED+Reykjav%EDk+1930%2D2010+%26path=../Database/kosningar/svf\\_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20og%20hlutfall](http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%DArslit+borgarstj%F3rnakosninga+%ED+Reykjav%EDk+1930%2D2010+%26path=../Database/kosningar/svf_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi%20og%20hlutfall) (sótt 20. nóvember 2013).

<sup>115</sup> Mbl.is, „Meira ímyndunarafli en rökhugsun“, *mbl.is*, 15. júní 2010.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira\\_imyndunarafli\\_en\\_rokhugsun/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira_imyndunarafli_en_rokhugsun/) ( sótt 26. Nóvember 2013).

Kjósendur sem höfðu áður kosið Vinstrihreyfinguna – grænt framboð og Borgarahreyfinguna í alþingiskosningum 2009 kusu Besta flokkinn í borgarstjórnarkosningunum 2010. Meirihluti kjósenda Besta flokksins í úrtaki rannsóknarinnar sögðust hafa kosið flokkinn til þess að lýsa yfir óánægju með hina stjórnsmálaflokkana og í þeirri von að flokkurinn myndi breyta stjórnsmálamenningu landsins til hins betra.<sup>116</sup>

Þessar niðurstöður benda einmitt til þess að kjósendur hafi orðið fyrir vonbrigðum með Vinstrihreyfinguna – grænt framboð og Samfylkinguna eins og hina flokkana eftir að þeir fóru í ríkisstjórn. Þetta er í samræmi við þær breytingar á viðhorfi kjósenda í kjölfar hrunsins þegar kröfur um beint lýðræði og breytingar á stjórnarskrá landsins jukust á kostnað dvínandi trausts til stjórnsmálamanna og stjórnsmálaflokka.

Fljótlega eftir kosningar datt fylgi flokksins niður í um 20% og var þannig mest allt kjörtímabilið eða fram á vorið 2013.<sup>117</sup> Í könnun frá maí 2013 hafði fylgi flokksins vaxið á nýjan leik og var þá komið yfir 30%.<sup>118</sup> Eftir það hafa kannanir sýnt vaxandi stuðning við flokkinn. Í þjóðarpólssi Gallup 23. september 2013 kom í ljós að fylgi Besta flokksins og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs var á uppleið og fylgi Framsóknarflokksins á niðurleið. Sögðust nær 35% myndu kjósa Besta flokkinn ef kosið yrði til borgarstjórnar þá og nær 11% sögðust myndu kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð.<sup>119</sup> Mánuði síðar sýndi sama könnun að fylgi Besta flokksins hafði aukist um tæp tvö prósentustig og sögðust 37% þeirra sem tóku afstöðu myndu kjósa Besta flokkinn, tæplega 31% myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 15% Samfylkinguna, 10% Vinstrihreyfinguna – grænt framboð og rúmlega 4% Framsóknarflokkinn.<sup>120</sup>

Jón Gnarr kom inn á svið stjórnsmála með afgerandi áherslur á erfiðum tíma. Borgin

---

<sup>116</sup> Guðrún Rós Árnadóttir, „Þegar andkerfisflokkur verður hluti af kerfinu: Rannsókn á Besta flokknum“ (BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2011), 47-48.

<sup>117</sup> Gallup, „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag,“ *Þjóðarpólssinn* 5. október 2011. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1093> (sótt 25. Nóvember 2013).

<sup>118</sup> Gallup, „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag,“ *Þjóðarpólssinn* 6. maí 2013. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1035> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>119</sup> Gallup, „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag,“ *Þjóðarpólssinn* 23. september 2013. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1027> (sótt 2. Janúar 2013).

<sup>120</sup> Gallup, „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag,“ *Þjóðarpólssinn* 22. október 2013. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1023> (sótt 2. Janúar 2013).

stóð fjárhagslega illa í kjölfar hrunsins, tekjurnar minnkuðu, gjöldin jukust og mörg stór verkefni biðu framkvæmdar. Sala á hlut Orkuveitunnar, í Reykjavík Energy Invest, hafði verið til umræðu á fyrra kjörtímabili Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem varð að lokum til þess að upp úr meirihlutasamstarfi þeirra slitnaði haustið 2007. Besti flokkurinn og Samfylkingin skiptu um stjórn í Orkuveitunni og reyndu að rétta við fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Á árinu 2012 mátti strax sjá góðan árangur í sjóðstöðu fyrirtækisins.<sup>121</sup>

Innanlandsflugvöllurinn í Vatnsmýrinni er annað stórt verkefni sem hafði verið til umræðu á fyrra kjörtímabili. Deilt hafði verið um hvort færa ætti flugvöllinn og hvert hann yrði þá færður. Segja má að þetta mál hafi gengið þvert á flokkslínur enda hefur verið mikill klofningur á meðal og innan stjórnmalaflokka hvað það varðar.<sup>122</sup> Grasrótahreyfingin Hjartað í Vatnsmýri stóð fyrir rafrænni undirskriftarsöfnun þar sem skorað var á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi flugstarfsemi í Vatnsmýri. Listinn var afhentur borgarstjóra 20. september 2013 en þá höfðu 69 þúsund undirskriftir safnast.<sup>123</sup> Í lok október árið 2013 ákvað borgarstjórn að flugvöllurinn skyldi vera starfræktur í Vatnsmýrinni til ársins 2022, sem þýðir að þetta verður ekki brennandi kosningamál í næstu borgarstjórnarkosningum.<sup>124</sup>

Sameining grunnskóla borgarinnar var líka stórt verkefni sem þurfti að framkvæma. Jón Gnarr sagði í sjónvarpsviðtali í október árið 2013 að erfiðasta verkefni hans í borgarstjórastóli hafi verið sameining grunnskólanna, að þetta verkefni hafi verið þess eðlis að fólki var illa við það og hafi það því verið gríðarlega erfið ákvörðun og framkvæmd.<sup>125</sup>

Í ljósi grínstefnu og reynsluleysis flokksins mætti álykta að kjósendur hefðu minni trú

---

<sup>121</sup> Visir.is, „Alger viðsnúningur hjá Orkuveitunni og jákvæð teikn á lofti,“ *visir.is*, 28. nóvember 2012. <http://www.visir.is/alger-vidsnuningur-hja-orkuveitunni-og-jakvaed-teikn-a-lofti/article/2012121128975> (sótt 28. nóvember 2013).

<sup>122</sup> Mbl.is, „Styðja ekki tillöguna,“ *mbl.is*, 4. júní 2013. [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/04/stydja\\_ekki\\_tilloguna/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/04/stydja_ekki_tilloguna/) (sótt 18. desember 2013).

<sup>123</sup> Visir.is, „Undirskriftir 69 þúsund manna afhentar,“ *visir.is*, 20. september 2013. <http://www.visir.is/undirskriftir-69-thusunda-manna-afhentar/article/2013130929940> (sótt 18. Desember 2013).

<sup>124</sup> Reykjavíkurborg, „Innanlandsflugvöllur í Vatnsmýri til 2022,“ *reykjavik.is*, 25. október 2013. <http://reykjavik.is/frettir/innanlandsflugvollur-i-vatnsmryri-til-2022> (sótt 17. Nóvember 2013).

<sup>125</sup> Visir.is, „Sameining grunnskóla erfiðasta mál Jóns Gnarr,“ *visir.is*, 15. október 2013. <http://www.visir.is/sameining-grunnskola-erfidasta-mal-jons-gnarr/article/2013131019358> (skoðað 28. nóvember 2013).

á getu hans en annara reynslumeiri stjórnmalaflokka til að framkvæma skilvirkar aðgerðir. Jón Gnarr var frá upphafi opinskár með reynsluleysi og vanþekkingu sína í stjórnmalum og má í raun segja að trú á sérfræðinga og embættismenn borgarinnar hafi verið ákveðið stef hjá honum á kjörtímabilinu. Í kosningabaráttunni þegar Jón Gnarr var spurður að því hvort hann væri með eða á móti flugvellingum í Vatnsmýri sagði hann: „Ég hef aldrei flutt flugvöll, ef ég kem til með að þurfa að gera það þá mun ég leita ráða hjá færustu sérfræðingum og taka svo ákvörðun.“<sup>126</sup>

Eftir að hafa unnið náið með Jóni Gnarr hefur Heiða Kristín Helgadóttir sagt að einn af kostum hans sé að hann þykist ekki hafa svör við öllu og sé ekki með fyrir fram gefna skoðun á ýmsum mikilvægum málefnum. Hann hlustar á faglegar röksemdarfærslur, fær upplýsingar og metur ólík sjónarmið og tekur svo upplýsta ákvörðun út frá því.<sup>127</sup>

Í lok október 2013 tilkynnti Jón Gnarr að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér aftur í borgarstjórastólinn en næstu sveitarstjórnarkosningar munu fara fram árið 2014. Þá tilkynnti hann sömuleiðis að Besti flokkurinn myndi sameinast stjórnmalaflokknum Bjartri framtíð sem var stofnaður í febrúar 2012 og bjóða fram í næstu kosningum undir merkjum þess síðarnefnda.<sup>128</sup> Í lok nóvember 2013 eða mánuði eftir að Jón tilkynnti að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram gerði Gallup könnun um ánægju landsmanna með störf borgarstjóra. Niðurstöður leiddu í ljós að meirihluti þeirra sem tóku afstöðu var ánægður með störf borgarstjórans eða 53% og nær einn af hverjum fimm sagðist vera óánægður með stöf hans. Fráfarandi borgarstjóri er vinsælli meðal yngra fólks og þeirra sem hafa háskólamenntun. Þeir sem styðja ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins eru töluvert óánægðari með störf Jóns en þeir sem styðja hana ekki.<sup>129</sup>

Ástæðan fyrir því að Jón Gnarr ætlar að hætta í stjórnmalum er sú að hann telur vanta uppbyggilega umræðu í pólitíkina, hann telur stjórnmal ekki vera spennandi vettvang og hann

---

<sup>126</sup> Heiða Kristín Helgadóttir, „Það sem Jón Gnarr hefur kennt mér,“ *kjarninn.is*, 31. október 2013.

<http://kjarninn.is/thad-sem-jon-gnarr-hefur-kennt-mer> (sótt 25. nóvember 2013).

<sup>127</sup> Sama heimild.

<sup>128</sup> Ruv.is, „Virkir morgnar: Tvíhöfði,“ *ruv.is*, 30. október 2013. <http://www.ruv.is/sarpurinn/virkir-morgnar-tvihofdi/30102013> (sótt 28. nóvember 2013).

<sup>129</sup> Gallup, „Jón Gnarr,“ *Þjóðarpúlsinn*, 27. nóvember 2013.

<http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1630> (skoðað 30. Nóvember 2013).

vill frekar fara að leita að gleðinni. Hann á erfitt með leyndarhyggju stjórn mála enda telur hann sig fremur vera grínista heldur en stjórn málamann.<sup>130</sup>

Á samfélagsmiðlinum Facebook er Jón Gnarr með síðu þar sem hann birti uppfærslu 26. desember árið 2013 með broti úr viðtali sem tekið var við hann í þýskum fréttamiðli. Hann var að fjalla um gerendur eineltis, hvernig þeir réðu öllu, trónuðu alltaf á toppnum og létu ekkert á sig fá. Með gerendum eineltis á Jón meðal annars við stjórn málamenn og fjallar í því samhengi um að þeir séu reiðubúnir undir allt en kunni ekki að taka kaldhæðni. Ef fólk vildi breytingar, samkvæmt Jóni, þá væri ráð að stofna vitleysis stjórn málaflokk, vera kjörinn og komast í einhverja valdastöðu. Það væri auðvelt en hins vegar væri ferlið sem tæki við, að sitja á sér og brosa sama hvað, mun erfiðara. Samkvæmt Jóni munu þessir gerendur ganga hart að manni, fjölmiðlar myndu gera mann að athlægi og maður myndi sæta árásum úr öllum áttum.<sup>131</sup>

Stjórn mála voru greinilega ekki vettvangur Jóns Gnarr en samt náði Besti flokkurinn með gríni og kaldhæðni athygli kjósenda sem mótmæltu með atkvæði sínu ríkjandi stjórnarfari. Flokkurinn, sem var upphaflega grínframboð, virðist bera einkenni andstjórn málaflokka og þeirra nýju flokka sem eru koma fram víða í dag. Fylgi flokksins kom helst frá kjósendum á vinstri væng stjórn mála, þeim sem áður höfðu kosið Vinstrireyfinguna – grænt framboð og Borgarahreyfinguna, og væntanlega þeim sem voru virkir þátttakendur í Búsáholdabyltingunni. Kannanir Gallup sýndu að fylgi flokksins hafði hrapað töluvert fljótlega eftir kosningar og náði ekki kjörfylgi fyrr en árið 2013 eftir að ný hægristjórn hafði tekið við í kjölfar alþingiskosninga. Eðli grínframboðsins breyttist fljótt eftir kosningarnar þegar flokkurinn tók, ásamt Samfylkingunni, við mörgum erfiðum verkefnum sem fylgdi mikil ábyrgð. Tókst þó með ágætu móti að hrinda í framkvæmd eða ná sátt um mörg mikilvæg mál og virðast borgarbúar almennt ánægðir með störf Jóns Gnarr á kjörtímabilinu.

---

<sup>130</sup> Ruv.is, „Virkir morgnar: Tvíhöfði,“ *ruv.is*, 30. október 2013. <http://www.ruv.is/sarpurinn/virkir-morgnar-tvihofdi/30102013> (sótt 28. nóvember 2013).

<sup>131</sup> Viðtal við Jón Gnarr birt á Spiegel online. Heimild sótt af færslu Jóns Gnarr sem birtist á Facebook síðu hans 26. desember 2013 [https://www.facebook.com/permalink.php?story\\_fbid=618840418173466&id=244993732224805](https://www.facebook.com/permalink.php?story_fbid=618840418173466&id=244993732224805) (sótt 29. Desember 2013).

## Lokaorð

Hugmyndin um stjórn fólksins, sem er forsenda lýðræðis, hefur tekið breytingum í gegnum tíðina. Í fulltrúalýðræði nútímans skipta góð tengsl kjósenda og fulltrúa þeirra höfuðmáli og stjórnmalaflokkar hafa í gegnum tíðina spilað lykilhlutverk í virkni fulltrúalýðræðis sem þátttökuvettvangs og milliliðs kjósenda og stjórnvalda. Á sama tíma og nýir stjórnmalaflokkar og hreyfingar sem standa fyrir ólíka hagsmuni og málefni spretta upp bendir þó margt til þess að dregið hafi úr vægi flokkastarfs og hlutverk stjórnmalaflokka í nútíma lýðræði sé ekki það sama og áður var. Dregið hefur úr pólitískri þátttöku almennings, færri mæta á kjörstað og flokkshollusta fer sífellt minnkandi, svo mjög að gjarnan hefur verið talað um ákveðna kreppu lýðræðis. Skýring marxista á slíkri kreppu lýtur að lögmæti stjórnvalda sem á skortir ef misbrestir verða á viðurkenningu á réttmæti þeirra. Samkvæmt kenningunni er því raunverulegt lýðræði ekki að verki í slíkum tilvikum heldur kapítalísk forræðishyggja sem óhjákvæmilega elur af sér efnahagskreppu og takmarkar þátttöku fólksins. Margræðissinnar skýra hina lýðræðislegu stjórnarkreppu aftur á móti þannig að hagsmunahópar, sem deila valdi og keppa um áhrif og athygli, beiti of miklum kröfum á stjórnvöld sem ekki ná að framfylgja kosningaloforðum og stefnum sínum. Þannig verði almenningur sífellt óánægðari með frammistöðu og árangur stjórnvalda í lýðræðislegu ferli.

Á Íslandi hefur lýðræði lengi staðið styrkum fótum. Það byggir á ákveðnum grunnstöðum svo sem stjórnarskrá þar sem frelsi, lög og réttindi eru tryggð. Í stjórnarskránni er tilgreint að hér skuli halda alþingis-, sveitarstjórnar- og forsetakosningar á fjögurra ára fresti og skýrt kveðið á um valddreifingu með þrískiptingu ríkisvaldins. Ljóst er að efnahagshrunið 2008 breytti hinu pólitíska landslagi verulega og stjórnvöld stóðu frammi fyrir lýðræðiskreppu. Traust almennings til kjörinna fulltrúa og stofnana ríkisins dvínaði, tortryggni jókst og umræða um spillingu varð hávær. Marxistar hefðu þar talað um lögmætiskreppu stjórnvalda þar sem vissulega skorti viðurkenningu á réttmæti þeirra. Margræðissinnar hefðu hins vegar tengt lýðræðiskreppuna við þá ofgnótt erfiðra verkefna sem stjórnvöld stóðu frammi fyrir í kjölfar efnahagshrunsins á sama tíma og þau sátu undir harðri gagnrýni og kröfum ýmissa samfélagshópa um aukið beint lýðræði, breytingar á stjórnarskrá og meira gagnsæi. Stjórnvöld höfðu samkvæmt því ekki undan sem olli djúpri lýðræðiskrísu. Niðurstaðan er sú að greina má ákveðna þætti úr báðum kenningum í íslensku stjórnmalalífi á árunum eftir efnahagshrunið. Reiði og uppgjöf almennings í garð hefðbundinna stjórnmalaflokka, krafan um breytingar og nýjar áherslur og erfitt efnahagsástand skapaði þær aðstæður sem stjórnmalaaflíð Besti flokkurinn spratt upp úr og hann kom, sá og sigraði.

Flokkurinn sem upphaflega var stofnaður sem háðsádeila, hárbeitt og bráðfyndin gagnrýni á hefðbundna flokkspólítík og bar í raun einkenni and-stjórnmalaflokka, sat í borgarstjórn Reykjavíkur um árabil undir stjórn Jóns Gnarr, þjóðþekkts skemmtikrafts sem var alls óreyndur á stjórnmalasviðinu og fór ekki í grafögur með það í embætti. Hvort sem það var sú einlægni sem keypti honum og floknum um leið ákveðna velvild almennings, viljinn til að gera sitt besta og vinna með ólíku fólki og sérfræðingum eða orðræðan í samfélaginu eftir hrun þar sem grasrótin var rómuð, nýju fötum keisarans var fleygt og heiðarleiki og gagnsæi mikilvægustu gildin, þá má segja að seta flokksins í borgarstjórn hafi í meginatriðum verið farsæl og almenn sátt virðist ríkja um störf borgarstjórans.



## Heimildaskrá

- Anna Guðrún Björnsdóttir. „Íbúðalýðræði – yfir og allt um kring.“ *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum*. Ritstjórar Gunnar Helgi Kristinsson, Margrét S. Björnsdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, 2012.
- Berlin, Isaiah. „Tvö hugtök um frelsi.“ Í *Heimspeki á tuttugustu öld*. Ritstjórar Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson. Reykjavík: Heimskringla, 1994.
- Besti flokkurinn. „Frambjóðendur.“ <http://www.bestiflokkurinn.is/is/frambjoendur/blog> (sótt 20. nóvember 2013).
- Besti flokkurinn. „Stefna.“ <http://bestiflokkurinn.is/is/um-flokkinn/stefnumal> (sótt 25. nóvember 2013).
- „Besti flokkurinn – The Best Video,“ Mynband við stuðningslag Besta flokksins, *youtube.com*, 20. maí 2010 <http://www.youtube.com/watch?v=xxBW4mPzv6E> ( sótt 15. nóvember 2013).
- Birgir Kjaran. *Til varnar frelsinu*. Ræður og ritgerðir. Reykjavík: Samband ungra Sjálfstæðismanna, 1980.
- Clemons, Randy S., og Mark K. McBeth. *Public Policy Praxis: Theory and Pragmatism*. New Jersey: Prentice Hall, 2001.
- Dahl, Robert A. *A Preface to Economic Democracy*. Cambridge: Polity Press, 1985.
- Dalton, Russel J. *Citizen Politics*. 3. útg. New York: Chatham Publishers, 2002.
- Fréttablaðið, „Umsátur um Alþingi.“ Forsíða Fréttablaðsins 21, janúar 2009.
- Friedrichs, David O. „The Legitimacy Crisis In The United States: A Conceptual Analysis.” *Social Problems* 27, nr. 5 (júni 1980): 540-555.
- Guðmundur Jónsson. „Átakahefðin í íslenskum stjórn málum og norrænt samráðslýðræði.“ *Sögubing Ráðstefnurit*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2012.
- Gallup. „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag.“ *Þjóðarpúlsinn* 5. október 2011. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1093> (sótt 25. Nóvember 2013).

- Gallup. „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag.“ *Pjóðarpúlsinn* 6. maí 2013.  
<http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1035> (sótt 25. nóvember 2013).
- Gallup. „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag.“ *Pjóðarpúlsinn* 23. september 2013. <http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1027> (sótt 2. Janúar 2013).
- Gallup. „Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag.“ *Pjóðarpúlsinn* 22. október 2013.  
<http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1023> (sótt 2. Janúar 2013).
- Gallup. „Jón Gnarr.“ *Pjóðarpúlsinn*, 27. nóvember 2013.  
<http://www.capacent.is/rannsoknir/thjodarpulsinn/nr/1630> (skoðað 30. Nóvember 2013).
- Gallup. „Lítið traust til Borgarstjórnar Reykjavíkur.“ *Pjóðarpúlsinn*, 7. mars 2008.  
<http://www.capacent.is/frettir/nr/649> (sótt 14. desember 2013).
- Gallup. „Traust til stofnana og embætta minnkar verulega.“ *Pjóðarpúlsinn*, 3. mars 2009.  
<http://www.capacent.is/frettir/nr/587> (sótt 14. desember 2013).
- Gallup. „Spilling á Íslandi.“ *Pjóðarpúlsinn*, 7. maí 2009. <http://www.capacent.is/frettir/nr/572>  
(sótt 14. desember 2013).
- Guðrún Rós Árnadóttir. „Þegar andkerfisflokkur verður hluti af kerfinu: Rannsókn á Besta flokknum.“ BA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2011.
- Gunnar Helgi Kristinsson. *Íslenska stjórnkerfið*. 2.útg. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007.
- Hagstofa Íslands. „Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningaþátttaka eftir sveitarfélagi og kyni 2003-2013.“  
<http://hagstofa.is/?PageID=829&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS02104%26ti=Greidd+atkv%E6%F0i%2C+kj%F3sendur+%E1+kj%F6rskr%E1+og+kosninga%FE%E1ttaka+eftir+sveitarf%E9lagi+og+kyni+2003%2D2013++++++%26path=../Database/kosningar/althkjoseundur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall> (sótt 9. desember 2013).
- Hagstofa Íslands. „Sveitarstjórnarkosningar - Lykiltölur 1962-2010.“  
[http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03101%26ti=Sveitarstj%F3rnarkosningar+%2D+Lykilt%F6lur+1962%2D2010++++%26path=../Database/kosningar/svf\\_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi,%20hlutfal](http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03101%26ti=Sveitarstj%F3rnarkosningar+%2D+Lykilt%F6lur+1962%2D2010++++%26path=../Database/kosningar/svf_yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi,%20hlutfal) 1 (sótt 12. Desember 2013).

Hagstofa Íslands. „Úrslit borgarstjórnakosninga í Reykjavík 1930-2010.“

[http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%20Arslit+borgarstj%20F3rnakosninga+%20ED+Reykjav%20EDk+1930%202D2010+%2026path=../Database/kosningar/svf\\_yfirlit/%2026lang=3%2026units=Fj%20F6ldi%20og%20hlutfall](http://hagstofa.is/?PageID=830&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=KOS03107%26ti=%20Arslit+borgarstj%20F3rnakosninga+%20ED+Reykjav%20EDk+1930%202D2010+%2026path=../Database/kosningar/svf_yfirlit/%2026lang=3%2026units=Fj%20F6ldi%20og%20hlutfall) (sótt 14. desember og 20. nóvember 2013).

Hague, Rod, og Martin Harrop. *Comparative Government and Politics: An Introduction*.

7.útg. New York: Palgrave Macmillan, 2007.

Hannes Jónsson. *Lýðræðisleg félagsstörf*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun, 1969.

Heiða Kristín Helgadóttir. „Það sem Jón Gnarr hefur kennt mér.“ *kjarninn.is*, 31. október

2013. <http://kjarninn.is/thad-sem-jon-gnarr-hefur-kennt-mer> (sótt 25. nóvember 2013).

Held, David. *Models of Democracy*. 3. útg. Cambridge: Polity Press, 2006.

Henry, Nicholas. *Public Administration and Public Affairs*. New Jersey: Prentice Hall, 1999.

Hill, Michael. *The Public Policy Process*. Harlow: Pearson Longmann, 2007.

Hobbes, Thomas. *Leviathan*. Ritstjóri Richard Tuck. New York: Cambridge University Press, 1996.

In Defence of Iceland. „Um InDefence.“ <http://www.indefence.is/about/> (sótt 2. janúar 2014).

Jon Danielsson og Gylfi Zoega. *The Collapse of a country*. 2. útg. Reykjavík:

Hagfræðistofnun, 2009.

Jón Gunnar Bernburg, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir. „Hverjir tóku þátt í

Búsáhaldabyltingunni?“ *Þjóðarspekillinn 2010*. Ritstjórar Helga Ólafs og Hulda Proppé.

Reykjavík: Félag- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, 2010.

Lindblom, Charles E. *Politics and Markets*. New York: Basic Books, 1977.

Lög um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

<http://www.althingi.is/lagas/142/1944033.html>.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000024.html>.

Lög um sveitarstjórnir nr. 138/2011 <http://www.althingi.is/lagas/142/2011138.html>.

Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða nr. 142/2008 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008142.html>.

Maguire, John M. *Marx's Theory of Politics*. Cambridge: Cambridge University Press, 1978.

Mastropaolo, Alfio. *Is democracy a lost cause? Paradoxes of an imperfect invention*. Þýðandi Clare Tame. Essex: ECPR Press, 2012.

Mbl.is. „Borgarstjórn bylt.“ *mbl.is*, 12. október 2007.

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1169604/> (sótt 17. nóvember. 2013).

Mbl.is. „Ingibjörg Sólrún hættir sem borgarstjóri.“ *mbl.is*, 3. janúar 2003.

(<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/706773/> (sótt 2. janúar 2013)).

Mbl.is. „Meira ímyndunarafl en rökhugsun.“ *mbl.is*, 15. júní 2010.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira\\_imyndunarafl\\_en\\_rokhugsun/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/06/15/meira_imyndunarafl_en_rokhugsun/) ( sótt 26. Nóvember 2013).

Mbl.is. „Reiðin ráði ekki,“ *mbl.is*, 30. september 2010.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/30/reidin\\_radi\\_ekki\\_for/?ref=morenews](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/30/reidin_radi_ekki_for/?ref=morenews) (sótt 30. Nóvember 2013).

Mbl.is. „Styðja ekki tillöguna.“ *mbl.is*, 4. júní 2013.

[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/04/stydja\\_ekki\\_tilloguna/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/06/04/stydja_ekki_tilloguna/) (sótt 18. desember 2013).

Mbl.is. „Styrkjamál Sjálfstæðisflokksins í hnotskurn.“ *mbl.is*, 16. apríl 2009.

<http://www.visir.is/styrkjamal-sjalfstaedisflokksins-i-hnotskurn/article/200914871316> (sótt 10. desember 2013).

Newton, Kenneth, og Jan W. Van Deth. *Foundations of Comparative Politics*. 2. útg. New York: Cambridge University Press, 2010.

Mill, John Stuart. *Frelsið*. Þýðendur Jón Hnefil Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason.

Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 2000.

Reykjavíkurborg. „Innanlandsflugvöllur í Vatnsmýri til 2022.“ *reykjavik.is*, 25. október 2013.

<http://reykjavik.is/frettir/innanlandsflugvollur-i-vatnsmryri-til-2022> (sótt 17. Nóvember 2013).

- Reykjavíkurborg. „Stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.“ *reykjavik.is*.  
[http://reykjavikurborg.is/desktopdefault.aspx/tabid-2784/4398\\_view-1356/](http://reykjavikurborg.is/desktopdefault.aspx/tabid-2784/4398_view-1356/) (sótt 22. desember 2013).
- Reykjavíkurborg. „Þórólfur Árnason borgarstjóri hættir störfum þann 30. nóvember 2004.“ *reykjavik.is*, 10. nóvember 2004. [http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-759/938\\_read-835/938\\_page-3/](http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-759/938_read-835/938_page-3/) (sótt 2. janúar 2014).
- Rose, Richard. *Learning About Politics in Time and Space*. Essex: ECPR Press, 2013.
- Rousseau, Jean–Jacques. *The Social Contract*. Harmondsworth: Penguin Group, 1968.
- Ruv.is. „Besti flokkurinn fengi fjóra kjörna.“ *ruv.is*, 30. apríl 2010  
<http://www.ruv.is/frett/besti-flokkurinn-fengi-fjora-kjorna> (sótt 25. nóvember 2013).
- Ruv.is. „Davíð og Eiríkur hættir.“ *ruv.is*, 15. janúar 2010. <http://www.ruv.is/frett/david-og-eirikur-haettir-i-bankanum> (sótt 10. desember 2013).
- Ruv.is. „Ísland vann Icesave- málið,“ *ruv.is*, 28. Janúar 2013, <http://www.ruv.is/frett/island-vann-icesave-malid> (sótt 18. desember 2013).
- Ruv.is. „Virkir morgnar: Tvíhöfði.“ *ruv.is*, 30. október 2013  
<http://www.ruv.is/sarpurinn/virkir-morgnar-tvihofdi/30102013> (sótt 25. nóvember 2013).
- Samband íslenskra sveitarfélaga. „Reykjavíkurborg.“ <http://www.samband.is/media/eldri-sveitarstjornir/Reykjavikurborg.pdf> (sótt 14. desember 2013).
- Samfylkingin. „Stefnumál.“ <http://www.samfylkingin.is/Stefnumal> (sótt 26. Desember 2013).
- Sjálfstæðisflokkurinn. „Um Flokkinn.“ <http://www.xd.is/um-sjalfstaedisflokkinn/> (sótt 14. desember 2013).
- Stefanía Óskarsdóttir. „People versus politicians: the political aftermath of the financial crisis in Iceland.“ *Open Citizenship* 4, nr.1 (2013): 34-45.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. „Þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1992-2010.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 8, nr.1 (2012): 39-71.
- Steinar Almarsson. *Valdhafar og alþýða: Saga stjórnarfars frá öröfi alda*. Akranes: S. Almarsson, 2006.

Stjórnarráð Íslands. „Sögulegt efni: Ríkisstjórnartal frá stofnun Lýðveldis.“

<http://www.stjornarrad.is/Rikisstjornartal/> (sótt 15. desember 2013).

Timesonline.co.uk. „Credit crunch claims Icelandic Government after ‘Household revolution’.“ *Timesonline.co.uk*, 29. janúar 2010.

<http://www.timesonline.co.uk/tol/news/world/europe/article5594348.ece> (sótt 3. desember 2013).

Viðtal við Jón Gnarr birt á Spiegel online. Heimild sótt af færslu Jóns Gnarr sem birtist á Facebook síðu hans 26. desember 2013.

[https://www.facebook.com/permalink.php?story\\_fbid=618840418173466&id=244993732224805](https://www.facebook.com/permalink.php?story_fbid=618840418173466&id=244993732224805) (sótt 29. desember 2013).

Vinstrihreyfingin – grænt framboð. „Um okkur.“ <http://www.vg.is/vinstrihreyfingin-graent-frambod-2/> (skoðað 28. desember 2013).

Visir.is. „Alger viðsnúningur hjá Orkuveitunni og jákvæð teikn á lofti.“ *visir.is*, 28. nóvember 2012. <http://www.visir.is/alger-vidsnuningur-hja-orkuveitunni-og-jakvaed-teikn-a-lofti/article/2012121128975> (sótt 28. nóvember 2013).

Visir.is. „Besti flokkurinn með hreinan meirihluta.“ *visir.is*, 17. maí 2010.

<http://www.visir.is/besti-flokkurinn-med-hreinan-meirihluta/article/2010331153835> (sótt 20. nóvember 2013).

Visir.is. „Besti flokkurinn nær tveimur mönnum inn.“ *visir.is*, 26. mars 2010.

<http://www.visir.is/article/201016604182> (sótt 25. nóvember 2013).

Visir.is. „Besti flokkurinn stærsta stjórn málaaflið í Reykjavík.“ *visir.is*, 17. maí 2010.

<http://visir.is/besti-flokkurinn-staersta-stjornmalaaflið-i-reykjavík/article/201089648395> (sótt 15. Nóvember 2013).

Visir.is. „Björgvin, Jónas og stjórn FME láta af störfum.“ *visir.is*, 25. janúar 2009.

<http://www.visir.is/bjorgvin,-jonas-og-stjorn-fme-lata-af-storfum/article%20/200933513550> (sótt 10. desember 2013).

Visir.is. „Ingimundur hættir.“ *visir.is*, 7. febrúar 2009. <http://visir.is/%20ingimundur-haettir-/article/2009310117043> (sótt 10. desember 2013).

Visir.is. „Kæri Reykvíkingur.“ *visir.is*, 1. maí 2010. <http://www.visir.is/kaeri->

reykvikingur/article/2010772722358 (sótt 20. nóvember 2013).

Visir.is. „Sameining grunnskóla erfiðasta mál Jóns Gnarr.“ *visir.is*, 15. október 2013.

<http://www.visir.is/sameining-grunnskola-erfidasta-mal-jons-gnarr/article/2013131019358> (skoðað 28. nóvember 2013).

Visir.is. „Undirskriftir 69 þúsund manna afhentar.“ *visir.is*, 20. september 2013.

<http://www.visir.is/undirskriftir-69-thusunda-manna-afhentar/article/2013130929940>  
(sótt 18. desember 2013).

Wade, Robert. „The Crisis: Iceland as Icarus.“ *Challenge* 52, nr.3 (maí-júní 2009): 5-33.

Þorsteinn Magnússon. *Lýðræði og vald: kynning á þremur kenningum*. Reykjavík:

Félagsvísindadeild Háskóla Ísland, Örn og Örlygur, 1979.